



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

2018

Hörpu

15.-16. nóvember 2018

www.sjavarutvegsradstefnan.is



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017/2018. Aftari röð frá vinstri: Bjarni Eiríksson, Axel Helgason, Daði Már Kristófersson og Gísli Kristjánsson. Fremri röð frá vinstri: Helga Franklinsdóttir, formaður, Margrét Geirsdóttir, Jón Þrándur Stefánsson og Sturlaugur Sturlaugsson.

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Hugmyndin

Hugmyndin að Sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kýs átta manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

2018

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	4
Ráðstefnusalir, veitingar og móttaka.....	6
Sýningarrými.....	8
Yfirlit fyrir dagskrá Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018	10
Málstofur og aðrir viðburðir	
- Hraðstefnumót: Samtal forsvarsmanna í sjávarútvegi og nema	12
- Farsæll rekstur í sjávarútvegi	14
- Framtíð smábátaútgerðar á Íslandi.....	16
- Hönnun og starfsumhverfi í fiskvinnslu með aukinni tæknivæðingu.....	18
- Markaðspróun: Stóra myndin.....	20
- Umhverfismál sjávarútvegsins.....	22
- Vottanir – markaðsaðgangur eða markaðshindranir?	24
- Greining á íslenskum sjávarútvegi.....	26
- Nemendamálstofa: Tækifæri í námi og starfi – hvaða leið fór ég?.....	28
- Málstofa Saltfiskframleiðenda	30
- Ísland í fremstu röð?.....	32
- Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi.....	34
- Staða og þróun á mikilvægustu bolfiskmörkuðum	36
- Uppsjávarveiðar á tímum loftslagsbreytinga.....	38
- Framtíðartækni.....	39
- Uppruni og umhverfismál – áhrifavaldar á kaup sjávarafurða	40
- Markaðssetning og vörumerkið Ísland.....	41
Svifaldan 2018 – Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar.....	42
Fyrri Sjávarútvegsráðstefnur	
- Sjávarútvegsráðstefnan 2017	44
- Sjávarútvegsráðstefnan 2016	46
- Sjávarútvegsráðstefnan 2013, 2014 og 2015.....	47
- Sjávarútvegsráðstefnan 2010, 2011 og 2012.....	48

Sérþekking skilar árangri

Arion banki sérhæfir sig í lausnum fyrir sjávarútveginn hvort sem er á sviði fjármögnunar, gjaldmiðlalausna eða fyrirtækjaráðgjafar. Innan bankans starfar öflugt teymi sérfræðinga með mikla sérþekkingu í fjármálaþjónustu, fólk sem hefur viðtæka reynslu, m.a. úr sjávarútvegi. Í tilefni sjávarútvegsráðstefnunnar hefur starfsfólk bankans greint nokkur þeirra málefna sem brenna á sjávarútvegnum þessi misserin, farið yfir stöðuna og horft til framtíðar. Niðurstöðurnar verða kynntar í sérstakri málstofu á ráðstefnunni þar sem einnig verða pallborðsumræður með aðilum úr greininni og atvinnulífinu.

Guðmundur S. Ragnarsson er forstöðumaður á fyrirtækjasviði Arion banka og fer fyrir sjávarútvegsteymi bankans, en fyrirtækjasvið sinnir fjármögnun stærri fyrirtækja. Sveinn Gíslason stýrir fyrirtækjaþjónustu á viðskiptabankasviði sem snýr að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þeir ræða hér þjónustu bankans og framtíðarsýn.

Þjónum stórum sem smáum

„Arion banki er með sterka stöðu þegar kemur að fjármögnun stórra og millistórra útgerðar- og sölufyrirtækja“ segir Guðmundur. „Við leggjum áherslu á að skilja vel starfsemi þeirra félaga sem við erum í samstarfi við og mæta þeirra þörfum, hvort sem þær snúa að fjármögnun, launaumsýslu, gjaldmiðlaskiptum eða eins og nú þegar vaxtaumhverfi erlendis er hagstætt þá hafa fyrirtæki í auknum mæli nýtt sér heimild til að festa vexti, svo fátt eitt sé nefnt.“ Sveinn bætir

við að þeir stóru séu ekki þeir einu sem séu stórir. „Arion banki fjármagnar einnig mörg af stærstu fyrirtækjunum í krókakerfinu svokallaða, „litla kerfinu“. Þessi fyrirtæki eru okkur ekki síður mikilvæg og við leggjum ríka áherslu á að þjóna vel öllum litlu og meðalstóru félögunum víðsvegar um landið. Við viljum sækja enn frekar fram á þeim vettvangi.“

Í framhaldi af umræðu um smærri fyrirtækin er ekki úr vegi að nefna þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarið sem einkennist af sameiningum félaga í sjávarútvegi. „Við höfum séð uppkaup á smærri félögum og nú nýlega stóra aðila kaupa hver í öðrum, sameinast í sölumálum og fleira í þeim dúr“, segir Guðmundur. Sveinn og Guðmundur eru sammála um að þeir kraftar sem stýri þessari þróun muni áfram knýja fram breytingar. Sveinn nefnir að bankinn hafi undanfarin ár tekið þátt í fjármögnun nýsmíði skipa og fjárfestingu í landvinnslu. En þar sé um að ræða framkvæmdir sem feli í sér aukna sjálfvirkni og hagræðingu. „Nú er í auknum mæli horft til þess hvernig bankinn geti tekið þátt í og stutt við þessar eignarhaldsbreytingar sem eru að eiga sér stað og munu óhjákvæmilega halda áfram. Við viljum vera þátttakendur í þessum breytingum, erum tilbúin og spennt fyrir að horfa til framtíðar með sjávarútveginum og leggjja okkar af mörkum með ráðgjöf og fjármögnun“, segir Sveinn og bætir við að auk þess að vera líkleg til að leiða til aukinnar hagkvæmni og arðsemi þá megi ætla að þessi þróun leiði til þess að soun minnki, gæði hráefnis og afurða aukist og nýting náttúruauðlindarinnar verði hagkvæmari.



Guðmundur S. Ragnarsson
forstöðumaður á fyrirtækjasviði
og Sveinn Gíslason, sviðsstjóri
fyrirtækja á viðskiptabankasviði.

Sigurður Elí Haraldsson,
Halldór Ragnar Gíslason,
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir,
Guðmundur S. Ragnarsson
og Árni Örvar Danielsson.
Starfsmenn fyrirtækjasviðs í
sjávarútvegsmálum og hluti
af stærri hópi sérfræðinga
innan bankans sem starfa með
greininni.



Alþjóðleg atvinnugrein

Þeir kollegar sjá fyrir sér að fleiri stærri og sterkari félög, eins og við erum að sjá nú, séu líkleg til að verða öflug á alþjóðlegum markaði. Yfir 90% af afurðum í sjávarútvegi eru flutt út, útveginum hefur fylgt mikil tækniþróun og hugvit sem einnig hefur þróast í útflutningsvöru. Íslenskur sjávarútvegur er alþjóðleg atvinnugrein og eðlilegt að fyrirtækin þróist frekar í þá átt. „Við hjá Arion banka erum vel í stakk búin að fylgja þeim fyrirtækjum sem stefna á alþjóðlega markaði eftir. Við viljum styðja við íslensku félögin erlendis en höfum jafnframt tekið varfærin skref í fjármögnun erlendra aðila og erum í auknum mæli í samstarfi við banka á Norðurlöndunum. Sú þekking sem er til staðar í fjármögnun sjávarútvegsfyrirtækja og skilningur á eðli greinarinnar er það sem erlend fyrirtæki sækjast helst eftir hjá okkur,” segir Guðmundur, og bætir við að hjá erlendum bönkum sé sjávarútvegur gjarnan algjör hliðarbúgrein. „Það hefur engu að síður reynst okkur vel að vera í samstarfi við „lókál“ banka í erlendum fjárveitingum. Við komum að borðinu með okkar þekkingu á greininni en leitum til samstarfsbanka eða í sambankasamninga þar sem þeir aðilar hafa reynslu af viðkomandi markaði, lagaumhverfi og þess háttar. Þannig leitumst við við að bjóða þjónustu á breiðari grundvelli en lágmarka áhættu um leið. Ég myndi vilja sjá fleiri íslensk sjávarútvegsfyrirtæki í fjárfestingum erlendis”, segir Guðmundur. „Áhersla forsvarsmanna félaganna hefur undanfarin ár verið að stækka og styrkja innlenda stöðu og fjárfesta í skipum og búnaði, en ég hef trú á að þetta sé að fara að breytast og að stigin verði skref í frekari fjárfestingum erlendis. Við sjáum þetta vera að gerast nú þegar”, bætir Sveinn við. „Þetta er byrjað í markaðsstarfinu og þar er ánægjulegt að sjá að ekkert er gefið eftir í kröfum um gæði og ferskleika hráefnis sem kemur frá Íslandi og skrefin er varfærin, sem er mikilvægt.”

Spurðir út í erlenda fjárfestingu á Íslandi segjast þeir ekki verða varir við hana í útvegsfyrirtækjunum enda í gildi regluverk sem takmarkar eignarhald erlendra aðila á kvóta. Aftur á móti koma erlendir aðilar við sögu í sölufyrirtækjunum og hafa verið mikilvægir fjárfestar þar,

sem og í fiskeldi. Guðmundur nefnir að bankinn hafi stutt við uppbyggingu fiskeldisfyrirtækja með því að leggja þeim til fjármögnun og það hafi vakið sérstaka athygli hans að nær öll fjárfesting tengd fiskeldi komi að utan. „Eldið er mjög fjárfrekt á uppbyggingartímanum og ég átti allt eins von á að sjá fleiri íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eða íslenska fjárfesta taka þátt í þeirri uppbyggingu. En fjármagnið hefur að langmestu leyti komið erlendis frá og þá frá stórum norskum aðilum með mikla reynslu af fiskeldi. Það er að vissu leyti jákvætt fyrir þekkingaruppbygginguna hérna heima en um leið veltir maður fyrir sér hvort innlenda fjárfestingin ætti að vera meiri. Vonir standa til að fiskeldi á Íslandi verði arðsamt og arðurinn leitar þá eðli máls samkvæmt til fjármagnseigenda. Hún er auðvitað nokkuð viðkvæm, umræðan sem á sér stað um fiskeldi, réttmæti þess, eignarhald og fjármögnun. En við höfum lagt áherslu á að stjórnvöld sinni eftirliti og móti rammann sem starfað er innan, við vinnum svo með félögum sem starfa innan þess ramma,” segir Guðmundur.

Nýsköpun og stafrænar lausnir

Spurðir að því hvað það sé sem bankinn hafi að bjóða umfram aðra og ekki hefur þegar verið komið inn á nefna þeir að Arion banki hefur lagt mikla áherslu á uppbyggingu fyrirtækjanetbanka og þróun stafrænna lausna með það að markmiði að létta stjórnendum umsýsluna í kringum rekstur og fjármögnun félaga sinna. Sveinn segir bankann hafa náð merkjanlegum árangri á þessu sviði. „Það er einnig metnaðarmál innan bankans að styðja við þróun sprotafyrirtækja og í tengslum við Startup Reykjavík, nýsköpunarhraðal bankans, hefur meðal annars þróast verkefni í tengslum við sölu á íslenskum fiski í gegnum netið. Það mætti þó vera meira af sjávarútvegstengdum umsóknum í Startup Reykjavík, en það verði einnig að horfa til þess að sú þróun á sér að miklu leyti stað innan fyrirtækjanna, án stuðnings. Það er einmitt það sem er svo frábært við íslenskan sjávarútveg, hann er drifinn áfram af miklu rekstrarfólki, lagar sig að aðstæðum hverju sinni, ýtir undir þróun hugvits og gegnir lykilhlutverki í íslensku efnahagslífi,” segir Sveinn með bros á vör.



Formáli

Sjávarútvegsráðstefnan 2018 verður haldin í Hörpu dagana 15. - 16. nóvember. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs. Einnig er þetta mikilvægur vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar

Í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar sitja átta manns sem allir hafa það hlutverk að skipuleggja eina málstofu á ráðstefnunni. Í stjórn sitja nú: Helga Franklinsdóttir formaður, Axel Helgason, Bjarni Eiríksson, Daði Már Kristófersson, Gísli Kristjánsson, Jón Þrándur Stefánsson, Margrét Geirsdóttir og Sturlaugur Sturlaugsson. Stjórnarsetan er sjálfbóðaliðastarf og hafa tæplega 40 manns setið í stjórn félagsins síðustu 9 ár. Þeirra framlag verður seint þakkað. Á hverju ári er skipt um helming stjórnar en það er gert á aðalfundi sem fer fram í lok ráðstefnunnar, föstudaginn 16. nóvember. Ef þú hefur hugmyndir um mikilvæg málefni tengd sjávarútvegi þá er kjörið tækifæri að gefa kost á sér í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Sjávarútvegsráðstefnan 2018

Á þeim átta Sjávarútvegsráðstefnum sem nú er búið að halda hafa verið mjög fjölbreytt efnistöð sem endurspeglar vel atvinnugreinina í heild sinni. Áhugi fyrir ráðstefnunni hefur vaxið ár frá ári enda mikilvægur vettvangur fyrir alla þá sem koma að eða starfa í sjávarútvegi. Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2018 eru 16 málstofur og flutt verða yfir 80 erindi.

Nemendaviðburðir

Nú hefur verið ákveðið að vera með sérstakan vettvang fyrir nemendur á Sjávarútvegsráðstefnunni, til þess voru fengnir sérstakir styrkir. Á ráðstefnunni 2018 verður sérstök nemendamálstofa og hraðstefnumót þar sem aðilar úr sjávarútveginum koma og segja frá reynslu og menntum ásamt því að miðla frá sér gagnlegum upplýsingum til nema. Nema fá einnig tækifæri til að ræða við forsvarsmenn í sjávarútveginum.

Ný ásynd

Á þessu ári hefur verið farið út í að bæta ásynd Sjávarútvegsráðstefnunnar og þá vinnu hafa hönnuðir hjá Hvíta húsinu unnið. Reynt hefur verið að samræma útlit kynningarefnis og er stefnt að því að hver ráðstefna hafi sérstaka ásynd sem nær yfir auglýsingar, samfélagsmiðla, kynningarefni, vefsíðu o.fl.

Aðalstyrktaraðilar – Kjölfestan í fjármögnun.

Styrktaraðilar hafa gefið okkur kost á að halda ráðstefnugjöldum í hófi og kemur stærsta framlag frá aðalstyrktaraðilum. Arion banki, Eimskip, Wise, Icelandair cargo, Tryggingarmiðstöðin, Oddi prentun og umbúðir, Sæplast/iTUB/Tempra, HB Grandi, AVS sjóðurinn og Vinnslustöðin eru aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018. Einnig er fjöldi annarra styrktaraðila og má finna yfirlit yfir þá á vefsíðu ráðstefnunnar. Sjávarútvegsráðstefnan þakkar þeirra framlag.

Að lokum vill ég þakka styrktaraðilum, málstofustjórum og fyrirlesurum fyrir ykkar framlag til Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018. Ég hlakka til að sjá ykkur í Hörpu dagana 15.-16. nóvember.

Helga Franklinsdóttir, formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018


FERSKT Á LEIÐARENDA

Þegar fraktflutningar milli landa eru annars vegar skiptir tíminn höfuðmáli.
Þess vegna erum við hjá Icelandair Cargo alltaf á fljúgandi ferð.

Á hverjum degi þjónum við íslenskum útflutningsaðilum til og frá Evrópu,
Norður-Ameríku og Asíu og skilum sjávarafurðum ferskum á áfangastað.



Ráðstefnusalir í Hörpu




2. hæð



2ND LEVEL

SCALE 1:350 / A3



1. hæð



1ST LEVEL

SCALE 1:350 / A3



SPRIKLANDI FERSKUR ALLA LEIÐ

Flutningar með skipum eru hagkvæmur valkostur þegar kemur að flutningi á ferskum fiskafurðum. Eimskip kemur sendingum á Evrópumarkað á 3-4 dögum og til N-Ameríku með tengingu við flug á 6-7 dögum og Asíu með tengingu við flug á 7-8 dögum.


Líttu við á eimskip.is eða hafðu samband og við förum yfir möguleikana með þér.






Sýningarrými og veitingar

Flói á 1. hæð




1. Arion banki
2. Tryggingarmiðstöðin og framúrstefnuhugmyndir
3. Wise
4. Icelandair Cargo
5. Íslandsstofa
6. Marel
7. Matís
8. Skólar
9. Eimskip
10. Skaginn 3X
11. Hvíta húsið
12. Sæplast, iTUB og Tempra
13. Valka
14. Oddi prentun og umbúðir

Eyri á 2. hæð



-  Helstu gönguleiðir
-  Sýningarsvæði (básar)



wisefish
sjávarútvegslausrir

Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics NAV

Wise hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausrir
í áskrift á navaskrift.is

kr. **24.900** pr. mán.
án vsk.

Bjóðum einnig Office 365 í áskrift.

 **Office 365**



wise

Wise lausrir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

Yfirlit yfir dagskrá Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018

FIMMTUDAGUR 15. NÓVEMBER

08:30 Afhending gagna

- 09:00 **Hraðstefnumót - Samtal forsvarsmanna í sjávarútvegi og nema**
Silfurberg

10:00 **Hlé**

- 10:15 **Farsæll rekstur í sjávarútvegi**
Opnunarmálstofa í Silfurbergi

12:00 **Veitingar í Flóa, 1. hæð**

- 13:00 **Framtíð smábátaútgerðar á Íslandi**
Málstofa A1 í Silfurbergi A

- **Hönnun og starfsumhverfi í fiskvinnslu**
Málstofa B1 í Silfurbergi B

- **Markaðsþróun: Stóra myndin**
Málstofa C1 í Norðurljósi

14:45 **Veitingar í Flóa, 1. hæð**

- 15:15 **Umhverfismál sjávarútvegsins**
Málstofa A2 í Silfurbergi A

- **Vottanir - markaðsaðgangur eða markaðshindranir?**
Málstofa B2 í Silfurbergi B

- **Greining á íslenskum sjávarútvegi**
Málstofa C2 í Norðurljósi

- 17:00 **Móttaka í boði Arion banka**

FÖSTUDAGUR 16. NÓVEMBER

- 08:30 **Nemendamálstofa: Tækifæri í námi og starfi - hvaða leið fór ég?**
Málstofa A3 í Silfurbergi A

- **Málstofa Saltfiskframleiðenda**
Málstofa C3 í Norðurljósi

09:40 **Hlé**

- 09:45 **Ísland í fremstu röð?**
Málstofa A4 í Silfurbergi A

- **Lausnir til að auðvelda ákvörðunar-
töku í sjávarútvegi**
Málstofa B4 í Silfurbergi B

- 🇬🇧 ● **Staða og þróun á mikilvægustu bolfisk-
mörkuðum**
Málstofa C4 í Norðurljósi

11:30 **Veitingar í Flóa, 1. hæð**

- 12:00 **Uppsýðarveiðar á tímum
loftslagsbreytinga**
Málstofa A5 í Silfurbergi A

- **Framtíðartækni**
Málstofa B5 í Silfurbergi B

- 🇬🇧 ● **Uppruni og umhverfismál –
áhrifavaldar á kaup sjávarafurða**
Málstofa C5 í Norðurljósi

13:45 **Veitingar í Flóa, 1. hæð**

- 🇬🇧 ● 14:15 **Markaðssetning og vörumerkið Ísland**
Lokamálstofa í Norðurljósi

- 16:10 **Aðalfundur Sjávarútvegs-
ráðstefnunnar ehf. í Silfurberg B**

- Skipulagt af stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar.

- Skipulagt af utanaðkomandi aðilum í samráði við
Sjávarútvegsráðstefnuna.

- 🇬🇧 Túlkun úr íslensku í ensku og úr ensku í íslensku.

norðanfiskur

Fiskur
í matinn

Fæst í Bónus



Ferskur fiskur tilbúinn til matreiðslu



Kíktu á uppskriftirnar á fiskurimatinn.is

Hraðstefnumót: Samtal forsvarsmanna í sjávarútvegi og nema



Umsjónarmaður:
Ásdís Vilborg Pálsdóttir
Verkefnisstjóri
Fisktækniskólinn

Ráðstefnusalur:
Silfurberg

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
09:00-10:00

Tilgangur Hraðstefnumótsins er að gefa nemum í sjávarútvegstengdu námi kost á að eiga stefnumót við forsvarsmenn og fagaðila í sjávarútveginum. Þar gefst nemum kostur á að spyrja viðmælendur og jafnframt að koma á framfæri sínum sjónarmiðum. Nemendum verður skipt niður í nokkra hópa, hámark 8 nemar í hópi. Viðmælandi dvelur í 10 mínútur hjá hverjum hópi. Umræðan miðast að mestu við viðfangsefni sem er á sérsviði viðmælanda og þeim ábendingum sem nemendur vilja koma á framfæri.



Umsjónarmaður:
Dr. Freydis Vigfusdóttir
Sérfræðingur
Háskóli Íslands



Guðmundur Örn Gunnarsson
Stjórnarformaður
Vinnslustöðin

Umfjöllunarefni: Almenn um þær áskoranir og tækifæri sem stærri sjávarútvegsfyrirtæki standa frammi fyrir.



Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri
Marel

Umfjöllunarefni: Mikilvægi tæknifyrirtækja við þróun sjávarútvegs og þeirra þáttur við að auka samkeppnishæfni greinarinnar.



Erla Pétursdóttir
Mannauðsstjóri
Vísir

Umfjöllunarefni: Áskoranir og tækifæri sem stærri sjávarútvegsfyrirtæki standa frammi fyrir með sérstakri áherslu á rannsóknir, þróun og gæðamál.



Sigurjón Arason
Yfirverkfræðingur hjá Matís og prófessor
við Háskóla Íslands

Umfjöllunarefni: Hlutverk vísindamanna og rannsóknastofnanna við þróun sjávarútvegs.



Jens Garðar Helgason
Formaður
Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Umfjöllunarefni: Hlutverk Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.



Sigurður Orri Jónsson
Forstöðumaður útflutnings, strandflutninga
og sérverkefna
Eimskip

Umfjöllunarefni: Hlutverk flutningafyrirtækja í að koma sjávarafurðum hratt og örugglega á markaði erlendis. Þróun flutninga til að opna nýja markaði og tryggja ferskleika á endastöð.



Arnar Atlason
Formaður
Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda

Umfjöllunarefni: Hvert er hlutverk Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda?



Björn Margeirsson
Rannsóknastjóri hjá Sæplast/Tempa og
lektor við Háskóla Íslands

Umfjöllunarefni: Hvernig er staðið að rannsókna- og þróunarvinnu hjá þjónustufyrirtæki í sjávarútvegi og hver eru tækifærin fyrir nemendur að taka þátt í þeirri vinnu.



Jón Heiðar Pálsson
Sviðsstjóri
Wise

Umfjöllunarefni: Hve mikilvægur er hugbúnaður fyrir sjávarútvegsfyrirtækin og hver er líkleg þróun í fjórðu iðnbyltingunni?



Guðmundur S. Ragnarsson
Forstöðumaður
Arion banki

Umfjöllunarefni: Hlutverk og mikilvægi banka í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og þróun sjávarútvegs.

Vissir þú að...



... fyrir hvert tré sem Oddi notar við framleiðslu sína eru **gróðursett 2** í staðinn?

Oddi hefur áratugum saman lagt áherslu á umhverfismál í sinni starfsemi, bæði í framleiðslunni sjálfri sem og í vali á hráefnum. Við fylgjumst vel með kolefnisspori framleiðsluvara okkar með það að markmiði að minnka losun og vinna í sátt við umhverfið.

Við framleiðslu sína notar Oddi viðurkenndan FSC pappír en hann er upprunninn úr skógum sem stjórnað er með sjálfbærum hætti.

Góður árangur í rekstri byggir á skynsamlegum ákvörðunum. Áratuga þekking okkar og reynsla tryggja þér fyrsta flokks ráðgjöf og aðstoð við greiningu á þínum þörfum. Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna þá lausn sem hentar þínum rekstri best.



Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000

www.oddí.is

Farsæll rekstur í sjávarútvegi



Málstofustjóri:
Sturlaugur Sturlaugsson
Sjálfstæður ráðgjafi

Ráðstefnusalur:
Silfurberg

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
10:15-12:00

Gefa yfirlit yfir stöðu sjávarútvegs í dag, þróun og áskoranir framtíðarinnar. Segja sögu sem hægt er að læra af m.a. til að tryggja farsælan rekstur íslensks sjávarútvegs til lengri tíma. Farið yfir þá þætti sem móta farsælan rekstur í sjávarútvegi.



Umsjónarmaður:
Sturlaugur
Sturlaugsson
Sjálfstæður ráðgjafi



Helga Franklinsdóttir
Formaður Sjávarútvegsráðstefnunar

10:15 Opnun



Kristján Þór Júlíusson
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

10:20 Setning



Pétur Pálsson
Framkvæmdastjóri Vísi

10:30 Eignarhald og árangur í sjávarútvegi

Dregin verður upp mynd af því hvernig eignarhald sjávarútvegsfyrirtækja hefur breyst á Íslandi í gegnum áratugina og reynt að meta hvað ræður því hvernig það breytist. Einnig verður spáð í framtíð.



Magnús Gústafsson Stjórnarformaður HB Granda

10:45 Sölu og markaðsmál

Farið er yfir farsæla uppbyggingu í sölu- og markaðsmálum sem ræðumaður hefur kynnst í störfum sínum síðustu áratugi. Mikilvægt er að þekkja þarfir viðskiptavinarins og hafa hugvit og getu til að verða við kröfum hans. Dæmisögur verða teknar úr störfum mínum í Hampiðjunni og hjá Coldwater Icelandic. Velt er fyrir sér áráðaleika framboðs og eftirspurnar. Að lokum verður farið yfir athugun á því hvað réði afbragðs frammistöðu nokkra Bandaríka fyrirtækja sem hafa skarað fram úr í arðsemi.



Finnboggi Jónsson Stjórnarformaður Knarr Maritime Consortium

11:00 Farsæll rekstur sjávarútvegs - Mikilvægi nýsköpunar


Fyrirlesari mun fjalla um þau þrjú atriði sem hann telur mikilvægust til að ná árangri í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja: 1) Skilvirkt fiskveiðistjórnunarkerfi 2) Góð áhöfn til sjós og lands 3) Áhersla á nýsköpun. Fjallað verður um mikilvægi einstakra þátta og ekki síst mikilvægi nýsköpunar og samstarfs sjávarútvegsfyrirtækja, tæknifyrirtækja og háskólasamfélagsins á því sviði.



Hólmfríður Sveinsdóttir
Framkvæmdarstjóri Iceprot-
ein og PROTIS

11:15 Mikilvægi á hagnýtingu vísinda í íslenskum sjávarútvegi

Í mínu erindi mun ég fjalla um mikilvægi vísinda og hagnýtingu þeirra fyrir framþróun og samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs. Fræðasamfélagið býr yfir mikilli grunnþekkingu um sjávarfang og áhrifum meðhöndlunar á sjávarfang. Sömuleiðis býr iðnaðurinn yfir mikill þekkingu á veiðum og vinnslu á sjávarfangi. Mikilvægt er að þessir aðilar vinni vel saman til að styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs.



Styrmir Gunnarsson
Fyrirverandi ritstóri Morgun-
blaðsins

11:30 Sjávarútvegur, samfélagsleg ábyrgð og sáttin

Mun fjalla um stöðu atvinnugreinarinnar í íslenzku samfélagi fyrr og nú og mikilvægi þess að milli hennar og samfélagsins takist sögulegar sættir.

11:45 Umræður



Björk Viðarsdóttir
Framkvæmdarstjóri
Tryggingarmiðstöðin

11:55 Afhending framúrstefnuverðlauna

Afhending Sviföldunnar, sem er veitt þeirri Framúrstefnuhugmynd sem þykir best sameina nýsköpun, frumleika og raunhæfni sem leiða muni til virðisauka, aukinnar sjálfbærni og bættrar ímyndar íslensks sjávarútvegs. Jafnframt er veitt verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa að þremur bestu hugmyndunum að mati dómnefndar.



**iTUB er hagkvæmur valkostur fyrir útgerð og fiskvinnslu
á leigu plastkera með öryggi og gæði að leiðarljósi**



Framtíð smábátaútgerðar á Íslandi



Málstofustjóri:
Ögmundur Haukur
Knútsson
Háskólinn á Akureyri

Ráðstefnusalur:
Silfurberg A

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00-14:45

Smábátaútgerð hefur verið að breytast á undanförunum árum. Aðilum sem hafa heimildir sem duga til að gera út á ársgrundvelli hefur fækkað. Samþjöppun aflaheimilda hefur leitt til fækkunar báta og starfa. Dreifing afla orðið minni sem meðal annars hefur haft áhrif á þjónustustig í smærri höfnum. Smærri fiskvinnslum hefur fækkað t.d. vegna erfiðara aðgengi að hráefni, auknum kröfum og erfiðleikum við mönnun. Þjónustuaðilum í hinu dreifðu byggðum hefur fækkað.

Farið er yfir áskoranir sem eru framundan í smábátaútgerð og mikilvægi fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Skoðuð verða tækifæri til að auka verðmætasköpun og efla smábátaútgerð með það að leiðarljósi að hún verði ein þeirra grunnstoða sem hinar dreifðu byggðir reiða sig á.



Umsjónarmaður:
Axel Helgason
Formaður
Landssamband
smábátaeigenda



Örn Pálsson
Framkvæmdarstjóri
Landssamband
smábátaeigenda

13:00 Samfélagsleg áhrif smábátaútgerðar

Í erindinu verður farið yfir þróun smábátaútgerðar frá aldamótum. Mikilvægi hennar á hinar dreifðu byggðir. Línuvöðun og byggðakvóta og kerfisbreytingar sem náð hafa til reglna um handfæraveiðar. Varpað ljósi á flutning aflahlutdeilda og áhrif þess á nærsamfélagið við breytt útgerðarform og eignarhald.



Eypör Björnsson
Forstjóri Fiskistofa

13:15 Samþjöppun aflaheimilda og gagnsæi upplýsinga

Á heimasíðu Fiskistofu er einstaklega gott aðgengi að upplýsingum í rauntíma um aflaheimildir og landaðan afla sem og margt annað sem snýr að sjávarútvegi. Í erindinu verður skoðað hvernig fjöldi skipa með aflahlutdeildir hefur þróast undanfarin ár og sérstaklega horft til smábáta. Sýnt verður hvernig Fiskistofa birtir upplýsingar um aflahlutdeildir og aflamark og millifærslur þeirra. Jafnframt verður vakin athygli á auknu gagnsæi í þá veru að upplýsa um veiðar umfram aflaheimildir.



Hilmar Ögmundsson
Sérfræðingur og ráðgjafi
fjármálaráðherra
Grænlands

13:30 Smábátaútgerð á Grænlandi

Í erindinu verður stuttlega farið yfir núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi á Grænlandi sem snýr að smábátaútgerð. Einnig verður farið yfir þróun á ráðgjöf hafrannsóknarstofnunar Grænlands, kvótum og afla á helstu tegundum sem smábátar á Grænlandi stunda veiðar á. Einnig hvar aflanum er landað, verðþróun og hvaða þýðingu smábátaútgerðin hefur fyrir landsbyggðina. Að auki verður farið yfir þróun á fjölda veiðileyfa og báta. Og að lokum verður stuttlega farið inn á framtíðarsýn varðandi smábátaútgerð á Grænlandi.

13:45 Samspil smábátaútgerða og smærri fiskvinnsla

Sérhæfð fiskvinnslufyrirtæki án tengingar við útgerð hafa á undanförunum árum leitt nýjungar í vinnsluáðferðum. Mikilvægi þeirra í nýsköpun er oft vanmetin. Aðföng þeirra byggja á stöðugu framboði á hráefni um sölukerfi fiskmarkaða. Þetta sölukerfi er stærsti birgir á ferskum íslenskum fiski. Þar með eina virðisbætur sem byggir á sérhæfingu aðila alla leið. Veiðar, vinnsla og sala. Í þessum málum leika smábátar lykil hlutverk.



Arnar Atlason
Framkvæmdarstjóri Tor

14:00 Markaðssetning á fiski frá smábátum

Farið verður yfir markaðssetningu á fiski frá smábátum út frá reynslu Einhamar Seafood. Hverjir kaupa línu/handfæra fisk og hvernig hefur gengið að markaðsetja þann fisk sérstaklega. Afhendingaröryggi. Eru smábátar og smábátar það sama þegar kemur að þessari umræðu? Veiðisvæði og sókn smábáta. Tækifæri og ógnir.



Alda Gylfadóttir
Framkvæmdastjóri
Einhamar Seafood

14:15 Umræður

Hvíta Húsið

VILTU VITA?

Hvíta húsið vísar þér leiðina að árangri í markaðsmálum



Við búum að samfelldri sögu frá 1961. Við höfum teiknað og mótað ótal vörumerki, gert árangursríkar auglýsingar fyrir alla miðla, hannað þúsundir umbúða og gengið frá ársskýrslum og öðru kynningarefni fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Við vitum hvernig landið liggur og bjóðum þér að vera samferða.

hvitahusid.is

Hönnun og starfsumhverfi í fiskvinnslu með aukinni tæknivæðingu



Málstofustjóri:
Gísli Kristjánsson
Framleiðslustjóri HB
Grandi

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00-14:45

Þróun í tækni- og sjálfvirknivæðingu bolfiskvinnsla hefur aldrei verið hraðari. Þessi öra þróun veldur ýmsum eðlisbreytingum á fiskvinnslum sem krefst nýs hugsunarháttar, bæði hvað varðar störf í fiskvinnslum sem og uppsetningu vinnsluhúsa. Í þessari málstofu er fjallað um þætti sem koma til með að breytast með aukinni framþróun í fiskvinnslu. Erfiðum og einhæfum störfum fækkar með aukinni tæknivæðingu en störfum sem kalla á nýja þekkingu, færni og menntun starfsmanna mun fjölga. Með innleiðingu á nýrri tækni verða einnig breytingar í starfsumhverfi fiskvinnsla m.a. með tilliti til öryggismála, viðhalds og þrifa. Fyrirlesarar leggja mat á þróun í þessum málum, hvaða áskoranir eru framundan og hvernig best er að taka á þeim.



Umsjónarmaður:
Gísli Kristjánsson
Framleiðslustjóri HB
Grandi



Guðrún Hafsteinsdóttir
Formaður Samtaka
iðnaðarins

13:00 Eðlisbreyting starfa – þörf á nýrri menntun

Menntun og mannauður eru mikilvægar forsendur góðra lífskjara og menntakerfið er ein helsta undirstaða þess að samkeppnishæfni Íslands verði eflað. Guðrún mun í erindi sínu fara yfir mikilvægi þess að mannauðurinn hér á landi búi yfir færni sem stenst samanburð við það sem best gerist annars staðar og horfa þurfi til þess sem talið er að verði lykilmærni starfsmanna framtíðarinnar.



Leifur Gústafsson
Sérfræðingur Vinnueftirlit
ríkisins

13:15 Staða öryggismála og áskoranir framundan

Kynnt verður tölfræði vinnuslysa og ástand öryggismála í fiskvinnslum á Íslandi. Skoðað hvaða umbreytingar á vinnumarkaði og vinnumhverfi er að vænta á næstunni. Breytingar eru drifnar af aukinni sjálfvirkni og tölvutækni m.a. innleiðingu gervigreindar í tæki og tölvustýrða vinnuferla. Þessar breytingar geta haft í för með sér neikvæð áhrif á vinnumhverfi og því þurfa öryggismál að vera þáttur í þróuninni.



Eggert Bjarnason
Gæðastjóri /
Hreinlætisráðgjafi
Hreinlætislausnir

13:30 Áskoranir við þríf og hreinlætismál með aukinni tæknivæðingu – sjálfvirknivæðing við þríf

Farið verður yfir hvað ber að varast og hvað má betur fara varðandi þríf með hliðsjón til nýrrar tækni og nýs búnaðar.

Þær áskoranir sem gætu átt sér stað við aukna tæknivæðingu.

Auknar kröfur frá kaupendum varðandi þríf og val á hreinlætisefnum.

Sjálfvirkni við þríf, framtíðar möguleikar og sparnaður



Helgi Már Halldórsson
Arkitekt
ASK arkitektar

13:45 Hönnun vinnsluhúsnaðis

Á tiltölulega stuttum tíma hefur íslenskur fiskiðnaður gengið í gegnum miklar breytingar, frá frumvinnslu afurða í háþróaða matvælavinnslu fyrir kröfuharða kaupendur. Sjálfvirknivæðing með umfangsmiklum vélbúnaði til fjölbreyttari vinnslu kallar á aðra hugsun en auðvelt er að mæta í flestum fiskvinnsluhúsum landsins sem hafa verið byggð í mörgum áföngum og á stundum alls ekki fyrir fiskvinnslu. Í erindinu verður fjallað um áskoranir í hönnun nýrra fiskvinnsluhúsa.



Birgir Hauksson
Rafiðnifræðingur Verkis

14:00 Notkun þrívíddarlíkana við hönnun vinnsluhúsnæðis

Tæknibylting í hönnun og rekstri mannvirkja byggir á notkun þrívíddarlíkana og upplýsinga þeim tengdum. Þessi aðferðarfræði er kölluð upplýsingalíkön mannvirkja eða BIM. Rannsóknir sýna að hægt er að ná allt að 20% hagræðingu í framkvæmd og rekstri með notkun hennar. Lögð er áhersla á að framkvæma þær greiningar á líkönum sem styðja best við hvert verkefni. Tekin verða dæmi frá hönnun nýrrar fiskvinnslu G.RUN á Grundafirði.

14:15 Umræður

Allt fyrir ferskleikann

60x40 kassalínan frá Tempura er hagkvæmari, sterkari og veitir lengra geymsluþol



10, 13 og 15 kg línan er hönnuð þannig að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir nýju kassanna eru eftirtaldir:

- aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubrettin
- vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

Tempurakassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.

TEMPRA
einangrun – umbúðir





Málstofustjóri:
Nótt Thorberg,
markaðsfræðingur
frá University of
Strathclyde og fyrrum
framkvæmdastjóri Marel
á Íslandi

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
13:00-14:45

Mikilvægi sjávarútvegs, sem ein helsta útflutningsgrein landsins, er ótví-
rætt þrátt fyrir uppgang nýrra atvinnugreina og þjónustu á síðari árum.
Hvort svo muni áfram vera um ókomna tíð er hins vegar ekki aðeins háð
því hvort fiskur muni veiðast heldur einnig hvort takist að koma afurðum
markaði og á hvaða hátt. Í málstofunni um „Markaðspróun: Stóra myndin“
á að fjalla um markaðspróun sjávarafurða á gagnrýnan hátt. Íslendingar
hafa staðið sig vel í vinnslu sjávarafurða en er hægt að segja það sama um
markaðssetningu á sjávarafurðum? Ætlunin er að spyrja krefjandi spurn-
inga um hvort íslenskur sjávarútvegur sé á réttri leið þegar kemur að því
að hámarka arðsemi og hvaða þýðingu markaðssetning hafi í þessu sam-
hengi. Í þessu samhengi þá ekki ætlunin að dvelja við fortíðina heldur
horfa til framtíðar og huga að þróuninni og velta upp spurningum um
hvað þurfi til að ná árangri í markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum.



Umsjónarmaður:
Dr. Jón Þrándur
Stefánsson Yfirmaður
greininga hjá Sea
Data Center



Valdimar Sigurðsson
Prófessor og forstöðu-
maður Rannsóknarseturs
í markaðsfræði og
neytendasálfræði
Háskólinn í Reykjavík

13:00 Markaðssetning og sala á sjávarfangi á netinu: Í hvaða viðskiptum erum við raunverulega?

Erindið mun kynna rannsóknir á markaðssetningu fisks í smásölu, bæði út frá sjónarhóli neytenda sem og smásala. Farið verður í gegnum tölfræðigreiningu á vefsölu sem og hvernig vefvæðing hluta (*Internet of Things*), myndavélataekni, neytendagreiningar og tilraunir geta verið virðisaukandi fyrir hefðbundna smásölu.



Jón Þrándur Stefánsson
Yfirmaður greininga Sea
Data Center

13:15 Markaðspróun – Tölulegt yfirlit

Í erindinu er sett fram tölulegt yfirlit um markaðspróun á helstu mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Farið er yfir helstu breytingar og áskoranir sem vænta má í markaðssetningu og þróun markaða. Jafnframt er farið stuttlega yfir samkeppnisstöðu Íslands m.t.t. helstu samkeppnisþjóða og sett fram SVÓT greining. Notast er við tölulegum forsendur til að meta hvort útflytjendur sjávarafurða séu á réttri leið varðandi sína markaðsnálgun.



Valur N. Gunnlaugsson
Miðlari og verkefnastjóri
Matís

13:25 Hvernig er hægt að nota kaupvilja mismunandi neytendahópa í Evrópu til markaðsetningar á sjávarafurðum?

Með því að kanna eftirspurn neytenda á stærstu fiskmörkuðum í Evrópu, Þýskalandi, Frakklandi, Englandi, Spáni, og Ítalíu og val þeirra á fiskafurðum getum við dregið fram kaupvilja þeirra. Niðurstöðurnar má nota til að spá fyrir um vilja neytenda til að borga fyrir sérstöðu t.d. fyrir villtan fisk og þá hversu mikið. Einnig verður lýst í erindinu hvernig aðgreina má neytendur í hópa til að markaðssetja sjávarafurðir á markvissan hátt.



Þorsteinn Mátsson
Svæðisstjóri
Arnarlax

13:35 Mun fiskeldi breyta leikreglum á markaði?

Uppbygging fiskeldis mun bæði hafa áhrifa á magn afurða og á markaði svo og nálgun fiskeldisfyrirtækja við markaði. Þetta snýr ekki aðeins að hvernig fiskeldisfyrirtæki munu staðsetja sig á markaði s.s. með áherslu á sérstöðu eða vinnslustig heldur einnig áhrif á flutning afurða á markað. Í erindinu verður fjallað um hvaða tækifæri felast í fiskeldi og markaðsnálgun svo og samlegðaráhrif við aðrar greinar sjávarútvegs.



Björgólfur Jóhannsson
Stjórnarformaður
Íslandsstofu

13:45 Hverju þarf að breyta í markaðssetningu á sjávarafurðum?

Í erindinu er velt upp spurningum um hverju þurfi að breyta í markaðssetningu á sjávarafurðum. Hafa fyrirtæki látið skammtíma hagsmuni ráða ferðinni í stað þess að byggja upp langtíma stefnu í markaðssetningu. Fjallað er um hvort stjórnvöld eigi eða geti veitt stuðning í markaðssetningu og hvert hlutverk Íslandsstofu eigi að vera í því sambandi. Hvaða þýðingu hefur það að vörumerkið Icelandic er nú í eigu ríkisins?

13:55 Umræður með panel



RÁÐSTEFNUR / VIÐBURÐIR / HVATAFERDIR

VIÐ GERUM ATVINNULÍFIÐ VIÐBURÐARÍKARA

CP REYKJAVÍK er frísklegt og skapandi þjónustufyrirtæki sem skipuleggur viðburði, ferðir og ráðstefnur fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini.

Sérgræin okkar er ráðgjöf, utnumhald og framkvæmd funda, ráðstefna og heimspinga, viðburða, partía, hópeflis og starfsdaga. Einnig bjóðum við upp á sérferðir á borð við hvataferðir og lúxusferðir fyrir hópa af öllum stærðum.

Enginn viðburður er of stór eða lítill - við höfum bæði þekkinguna og reynsluna.

cp

REYKJAVÍK

Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - 510 3900 - www.cpreykjavik.is



Málstofustjóri:
Sigurros Friðriksdóttir
Teymistjóri hafs og vatns
hjá Umhverfisstofnun

Ráðstefnusalur:
Silfurberg A

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15-17:00



Umsjónarmaður:
Margrét Geirsdóttir
Sérfræðingur
Matís

Vægi og mikilvægi umhverfismála í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og við markaðssetningu sjávarafurða hefur aukist á undanförunum árum og áratugum. Íslendingar standa frammi fyrir áskorunum, og jafnframt tækifærum, til að gera betur í þeim umhverfismálum sem við höfum stjórn á og þannig bæta ímynd atvinnugreinarinnar og samkeppnishæfni. Í málstofunni verða umhverfismál sjávarútvegsins skoðuð frá mismunandi sjónarhornum. Hver er staðan í hafinu í kringum okkur, hvernig stendur íslenskur sjávarútvegur sig og ekki minnst hvað getum við gert betur?



Bryndís Björnsdóttir
Forstöðumaður lausna
og ráðgjafar Matís

15:15 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og íslenskur sjávarútvegur

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðarinnar og hagsældar. Það er í höndum hagaðila um öll lönd að hrinda í framkvæmd áætlunum til að ná þessum 17 markmiðum sjálfbærrar þróunar. Í erindinu verður fjallað um það hvernig íslenskur sjávarútvegur kemur að heimsmarkmiðunum, t.d. með áherslu á aukna sjálfbærni, hagkvæmni í orkunotkun og bættu nýtingu auðlinda. Dæmi verða tekin úr íslenskum sjávarútvegi og skoðað hvert við þurfum að stefna til að leggja okkar af mörkum við að ná settu marki.



Birna S. Hallsdóttir
Verkfræðingur
Umhverfisráðgjöf Íslands

15:30 Örplast í sjó og sjávarfangi

Aukning plasts í höfum heimsins er vaxandi áhyggjuefni. Á síðustu árum hafa birst fjölmargar fréttir af dýrum sem annað hvort hafa flækst í plasti eða innbyrt það. Og nú upp á síðkastið berast fréttir af örplástögnum, þ.e. plástögnum sem eru minni en 5 mm í þvermál, en slíkar agnir finnast nánast alls staðar, jafnvel í drykkjarvatni og salti sem unnið er úr sjó. Í fyrirlestrinum verður fjallað um uppsprettur og áhrif örplasts á vistkerfi sjávar og bent á leiðir til úrbóta.



Tómas Knútsson
Formaður
Blái herinn

15:45 Blái herinn og umhverfismál

Blái herinn hefur undanfarin ár unnið að hreinsun strandlengjunnar. Tómas fer yfir stöðuna í gegnum árin og hvort breytingar hafi orðið á magni og tegund mengunar / rusls. Hann talar um hvernig sjávarútvegurinn getur komið að starfi Bláa hersins og hvort iðnaðurinn geti tekið sig á í umhverfismálum og gert hans aðkomu óþarfa.



Hrönn Egilsdóttir
Sérfræðingur
Hafrannsóknastofnun

16:00 Súrnun sjávar, fiskar og framtíðin

Þriðjungur koldíoxíðs sem dælt er út í andrúmsloftið af manna völdum leysist upp í höfum jarðar og veldur súrnun sjávar. En hvað er þetta súrnun sjávar? Og hvaða máli skipta þessar umhverfisbreytingar? Stiklað verður á stóru um áhrif manna á hafið, þær lífverur sem þar hafast við, og þá framtíðarsýn sem vísindarannsóknir síðustu ára hafa gefið af sér.



Benedikt Sigurðsson
Upplýsingafulltrúi Samtök
fyrirtækja í sjávarútvegi

16:15 Umhverfisvænsti sjávarútvegur í heimi?

Eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hefur í heild minnkað um tæplega 43% frá árinu 1990 til ársins 2016. Reiknað er með að eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hafi dregist saman um 134 þúsund tonn frá árinu 1990 til ársins 2030. Gangi þetta eftir mun eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hafa dregist saman um 54% á tímabilinu.

16:30 Umræður

FRAMTÍÐIN Í VEIÐUM OG VINNSLU

Byltingarkennd fiskveiðiskip, þróuð af íslenskum hátæknifyrirtækjum frá stefni aftur í skut.



Icelandic Maritime Consortium

Brimrún
FUDUNO

FROST

NAUSTmarine

NAUTIC

SKAGINN 3X

SKIPATÆKNI

Vottanir - markaðsaðgangur eða markaðshindranir?



Málstofustjóri:
Finnur Garðarsson
Framkvæmdastjóri
Ábyrgum fiskveiðum

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15-17:00

Hafa vottanir áhrif á stjórn fiskveiða og sölu sjávarafurða? Styrkja vottanir núverandi markaði og opna þær leiðir inn á nýja markaði? Hafa vottanir skilað hærra verði til framleiðenda og hafa þær skilað fyrirtækjum betri ímynd? Hvaða gildi hafa vottanir fyrir opinberar stofnanir? Er markmið vottunarfyrirtækja að stýra fiskveiðum með markaðshindrunum? Málflutningurinn er að ef neytandinn kaupir ekki vottaðar afurðir sé verið að ganga á auðlindir hafsins. Getur þróunin verið sú að erlendir vottunaraðilar taki yfir fiskveiðistjórnun? Aukin áhersla vottunarfyrirtækja á umhverfisáhrif fiskveiða - áhrif veiðarfæra á vistkerfi, búsvæðaeyðing, meðafli þ.e. aðrar fisktegundir, fuglar og sjávarspendýr. Standast fullyrðingar um að vottun sé nauðsynleg vegna sívaxandi kröfu frá neytendum um sjálfbærni og ábyrgar fiskveiðar?



Umsjónarmaður:
Axel Helgason
Formaður
Landssambands
smábátæigenda



Kristján Þórarinnsson
Stofnvisfræðingur
Samtaka fyrirtækja
í sjávarútvegi

15:15 Þættir úr sögu vottunar

Þróunarsaga vottunar góðrar fiskveiðistjórnunar með vernd og sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi teygir sig aftur til ársins 1995. Á þessari leið hafa orðið ýmis atvik eins og gefur að skilja, viðhorf og samskipti ekki alltaf verið með þeim hætti sem búast hefði mátt við og eitt og annað verið æði ruglingslegt og misvísandi. Fyrirlesarinn hefur verið hluti af þessari sögu frá upphafi og mun rekja fáeina þætti hennar að eigin vali. Alls ekki er víst að skoðun þessara þátta leiði af sér skýrari sýn á málefnið.



Guðmundur Þórðarson
Sviðstjóri
Hafrannsóknastofnunar

15:30 Hvert er hlutverk Hafró varðandi vottanir

Á undanförunum árum hefur fyrirspurnum vottunaraðila til Hafrannsóknastofnunar fjölgað mikið og eru nú orðin umfangsmikill þáttur í umsögnum og ráðgjöf stofnunarinnar. Spurningar um ástand stofna er ekki lengur jafn fyrirferðarmiklar og áður var, m.a. vegna bættrar stjórnunar veiðanna sem og betri upplýsingagjöf stofnunarinnar. Hinsvegar er fyrirspurnir auknum mæli farnar að snúast um umhverfisáhrif veiða, þ.e. meðafli og áhrif veiða á lífríki botnsins og oft er erfitt að svara slíkum spurningum vegna vöntunar á rannsóknum.



Gísli Gíslason
Svæðisstjóri
Marine Stewardship
Council, MSC

15:40 MSC: mælikvarði á sjálfbærar og umhverfisvænar fiskveiðar

Fjallað verður um staðlakerfi MSC, lágmarkskröfur vottunar, úrbótaferla og við hvaða aðstæður missa veiðar vottun. Einnig af hverju markaðurinn sér MSC sem mikilvægt tæki til að stýra sínum innkaupum úr sjálfbærum veiðum.



Axel Helgason
Formaður
Landssambands
smábátæigenda

15:55 Á hverju féll vottun grásleppu og afleiðingar?

Fyrir á þessu ári var MSC vottun á grásleppu felld niður vegna þess að við árlega endurskoðun, náðist ekki að uppfylla skilyrði MSC vegna meðafli við veiðarnar. Farið verður yfir á hverju það byggði og í hverju aðgerðaráætlunum til að endurheimta vottunina er fólgin. Einnig verður farið yfir hvernig vottun á grásleppu var komið á og hver þróunin hefur verið á verði grásleppuafurða fyrir og eftir vottun.



Gunnar Ágúst Gunnarsson
Framkvæmdastjóri
Vottunarstofan Tún

16:05 **Hlutverk vottunarstofu í vottun sjálfbærni fiskistofna og rekjanleika sjávarafurða**

Fjallað er um hlutverk vottunarstofu í samræmismati, þá verkferla sem vottunarstofa fylgir við úttektir og vottun, staðla sem samræmismatið byggist á, og ráðstafanir sem vottunarstofa viðhefur til að tryggja óhlutdrægni, gegnsæi og margþætta aðkomu hagsmunaaðila að matsferlum. Þá er fjallað um með hvaða hætti niðurstöður verða til í samræmismati á sjálfbærni fiskistofna og rekjanleika sjávarafurða.



Kristinn Hjálmarsson
Framkvæmdastjóri Icelandic
Sustainable Fisheries

16:15 **Kaupandi vottana**

Þegar markmiðin eru skýr, þá er auðveldara að ná árangri. Þegar þörfin fyrir aðgerðir er skýr, þá auðveldast verkefnið enn. Þegar rannsóknir og umgengni um auðlind hafa verið til fyrirmyndar, þá er hálfur sigur unninn. Þannig hefur umhverfið verið fyrir Icelandic Sustainable Fisheries þegar sótt hefur verið um vottun íslenskra fiskveiða eftir alþjóðalega viðurkenndum umhverfisstaðli um sjálfbærar fiskveiðar íslenskra skipa. Í erindinu er sagt frá umfangi vottananna og hvernig hún nýtist við sölu og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða erlendis.



Guðný Camilla Aradóttir
Yfirmaður samfélags-
ábyrgðar IKEA

16:25 **Að kaupa vottaðar afurðir – íþyngjandi eða rétta leiðin?**

IKEA á Íslandi hefur einungis selt ASC eða MSC vottað sjávarfang síðan 2015. Krafan um vottunina kemur frá IKEA á heimsvísu og sem sérleyfishafa ber IKEA á Íslandi að fara eftir þeirra kröfum. Reynsla IKEA hér á landi af vottuninni á þessum þremur árum síðan hún tók gildi hefur almennt verið jákvæð, en hún er lærdómsferli.

16:35 **Umræður**

Í ÞÍNA ÞÁGU

Íslandsstofa sinnir markaðs- og kynningarstarfi á erlendum mörkuðum og veitir fyrirtækjum faglega aðstoð í markaðssetningu.

- Greining á tækifærum
- Ráðgjöf og þjálfun
- Sýningar og sendinefndir
- Vettvangsheimsóknir
- Markaðsverkefni



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND



Málstofustjóri:
Sigurður Elí Haraldsson
Viðskiptastjóri
Arion banki

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Fimmtudagur

Tímasetning:
15:15-17:00

Leitast verður við að greina og svara spurningum sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir í dag, varðandi stöðu krónunnar, fjárfestingar og stöðu félaga á markaði og tækifæri. Markmiðið er að vera með snarpa kynningu á greiningum sem bankinn gefur út í tengslum við ráðstefnunna og hægt er að nálgast í ítarlegri útgáfu á heimasíðu bankans. Í framhaldi yfirferðar yfir hverja greiningu verða umræður við ólíka aðila úr iðnaðinum þar sem leitast verður við að fá þeirra sýn á umfjöllunarefnin og sýn til framtíðar.



Umsjónarmaður:
Guðmundur S.
Ragnarsson
Forstöðumaður
Arion banki



Kristján Vigfússon
Aðjúnt
Háskólinn í Reykjavík

15:15 Af hverju er stefnumótun mikilvæg fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og eru einhverjar hindranir í veginum fyrir langtímastefnumótun?

Stefnumótun fyrirtækja er tiltölulega nýlegt fyrirbæri en í dag þykir jafn sjálfsagt að fyrirtæki fari reglulega í stefnumótunarvinnu og að þau setji sér árleg rekstrar- og fjárhagsleg markmið. Rannsóknir sýna að þau fyrirtæki sem setja sér ekki eingöngu rekstrarleg- og fjármálaleg markmið heldur einnig markmið á öðrum sviðum rekstrarins og tengja þau saman þannig að þau myndi samkeppnisfor-skot hafi möguleika á að ná enn betri árangri en ella. Ýmsar hindranir geta þó verið í veginum en góð stefnumótun þarf helst að taka mið af hvoru tveggja, innri getu fyrirtækis og ytri aðstæðum þess og er það umfjöllunarefni þessa erindis.



Erna Björg Sverrisdóttir
Sérfræðingur í
greiningardeild
Arion banki

15:40 Krónan og sjávarútvegurinn

Fjallað verður um sögu íslensku krónunnar og sjávarútvegsins en hér áður fyrr stóð sjávarútvegurinn fyrir stærstum hluta útflutningstekna landsins. Nú hefur ákveðin kerfisbreyting átt sér stað með tilkomu ferðamannaiðnaðarins sem hefur sett þrýsting á krónuna. Gengisáhættan sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir felst annars vegar í áhrifum á efnahagsreikning og hins vegar í áhrifum á rekstur sem byggir á því hversu hátt hlutfall rekstrarkostnaðar er í erlendri mynt.



Helga Sigurrós Valgeirsdóttir
Viðskiptastjóri á
fyrirtækjasviði
Arion banki

16:05 Fjárfesting í landvinnslu

Í erindinu verður farið yfir stöðuna í fjárfestingu í landvinnslu og horft til fjárfestingarþarfar og líklegar þróunar. Erindið verður stutt en samhliða verður ítarlegri greining gefin út af Arion banka. Í framhaldi kynningarinnar verða panel umræður við hagaðila.



Ásmundur Gíslason
Sérfræðingur hjá
fyrirtækjaráðgjöf
Arion banki

16:30 Hlutabréfamarkaðurinn og sjávarútvegurinn. Er forsenda til frekari skráninga?

Í kring um aldamótin 2000 voru yfir 20 íslensk sjávarútvegsfyrirtæki skráð í Kauphöll. Í dag er aðeins eitt félag sem stundar veiðar og vinnslu skráð í Kauphöll og eitt sem stundar áframvinnslu og sölu á sjávarafurðum. Í þessu erindi er leitast við að varpa ljósi á það hvort til staðar séu forsendur til skráninga íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í Kauphöll á nýjan leik.

ER VINNSLAN ÞÍN SNJÖLL?

Snjallar fiskvinnslur eru hluti af þeirri þróun sem fjórða iðnbyltingin hefur hrint af stað.

Marel hefur hannað sjálfvirkan vélbúnað sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir um bestu leið í vinnslunni hverju sinni. Þessi bestun á virði hvers flaks einskorðast ekki við stór vinnslukerfi heldur felast líka mikil tækifæri fyrir minni fiskvinnslur í þessari þróun.

Kynntu þér nýjustu lausnir okkar, sem gera þér kleift að mæta vaxandi kröfum viðskiptavina þinna.

Nánari upplýsingar:
marel.is/fiskur

The Marel logo, featuring a stylized red 'm' followed by the word 'marel' in a bold, blue, sans-serif font.

Nemendamálstofa: Tækifæri í námi og starfi - hvaða leið fór ég? —



Málstofustjóri:
María Ásdís Stefánsdóttir
Sviðstjóri hjá
Hafrannsóknastofnun

Ráðstefnusalur:
Silfurberg A

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
08:30-09:40

Af nýjungum á Sjávarútvegsráðstefnunni 2018 eru viðburðir sem ætlaðir eru nemum og er málstofan: „Tækifæri í námi og starfi - hvaða leið fór ég“ einn þeirra.

Sjávarútvegur og tengdar greinar bjóða upp á spennandi og fjölbreytileg atvinnutækifæri. Fólkið sem starfar í greininni kemur inn með ólíkan bakgrunn og menntun. Hér deila forsvarsmenn og fagaðilar í sjávarútvegi frá sinni leið í námi, af hverju þeirra námsleið varð fyrir valinu, hvernig námið hefur nýst þeim í starfi og skilað þeim á þann stað sem þau eru komin á í dag.

Að loknum erindunum verða umræður þar sem málstofugestum gefst færi á að spyrja fyrirlesarana og fá hjá þeim ábendingar sem geta nýst þeim í námi og starfi.



Umsjónarmaður:
Guðrún Arndís
Jónsdóttir
Forstöðumaður
Sjávarútvegs-
miðstöðvar
Háskólans á Akureyri



Hólmfríður Sveinsdóttir
Framkvæmdarstjóri
Iceprotein og PROTIS

08:30 Mín leið – Frá þýskri næringarfræði í íslenskan sjávarútveg

Í mínu erindi mun ég fjalla um náms- og starfsferil minn. Ég útskrifaðist með meistaragráðu í næringarfræði frá þýskum háskóla og seinna doktorsgráðu í lífvísindum frá Háskóla Íslands. Eftir útskrift fór ég að vinna sem sérfræðingur og síðar verkefnastjóri hjá Matís. Í dag stýri ég tveimur sprotafyrirtækjum í eigu FISK Seafood ehf., Iceprotein og PROTIS, sem bæði starfa á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í sjávarútvegi. Þar að auki sit ég í framkvæmdastjórn FISK Seafood.



Helgi Hjálmarsson
Framkvæmdarstjóri
Völku ehf.

08:45 Frá verkfræðinámi til stofnunar hátæknifyrirtækis

Stutt yfirferð á verkfræðináminu og það innlegg sem námið hefur gefið í stofnum og rekstur á hátækni-fyrirtæki, sem og það sem mögulega vantaði í námið. Stiklað á stóru í vegferð Völku frá því að vera bíl-skúrsfyrirtæki í 80 manna fyrirtæki með viðskiptavinum um allan heim og þann ávinning sem verður til.



J. Snæfríður Einarsdóttir
Sérfræðingur
í öryggismálum

09:00 Sálfræði í sjávarútvegi

Í erindinu er farið yfir starfsreynslu og menntun og sagt frá hvers vegna ég kaus að fara þá leið sem ég fór. Hvernig fjölbreytt reynsla og menntun koma saman á nýtilegan hátt og hversu mikilvæg reynslan af gólfinu er þegar komið er í stjórnendastöður.

09:15 Umræður

Að sjá verðmæti...

Þar sem aðrir sjá þau ekki er einn dýrmætasti hæfileiki sem fólk býr yfir. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem hafa þennan hæfileika að þroska og framkvæma hugmyndir sínar, samfélaginu öllu til hagsbóta.



Mátis er öflugt þekkingarfyrtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsókn-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvæla- og líftækniðnaði // www.matis.is



Málstofa Saltfiskframleiðenda



Málstofustjóri:
Sverrir Haraldsson
Sviðstjóri
Vinnslustöðin

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
08:30-09:40

Farið verður yfir verkun saltfisks fyrir mismunandi markaði, s.s. Spán, Portúgal og Ítalíu. Lögð er áhersla á þrjár mismunandi verkunaraðferðir, hefðbundinn saltfisk, sprautusaltaðan saltfisk, léttsaltaðan fisk ásamt útvötnuðum fullunnum frystum saltfiski. Málstofan er skipulögð af Saltfiskframleiðendum í samstarfi við Íslandsstofu og Matís.



Guðbergur Rúnarsson
Framkvæmdastjóri
Íslenskra
Saltfiskframleiðenda



Gunnar Tómasson
Framkvæmdarstjóri
Þorbjörn

08:30 Verkun saltfisks í tímans rás

Erindið fjallar um sögu og þróun saltfiskvinnslu á Íslandi í aldanna rás til dagsins í dag. Hvernig þróast saltfiskvinnslan á Íslandi úr því að vera rómantísk verkun á þurrkuðum saltfiski í sumar og sól yfir í það að verða þróuð tæknivædd nútímavinnsla á eftirsóttum og dýrum sælkeraréttum á mikilsmetnum veitingarhúsum stórborganna við Miðjarðarhafið.



Sigurjón Arason
Yfirverkfræðingur
hjá Matís og prófessor
við Háskóla Íslands

08:40 Mismunandi framleiðsluaðferðir við verkun saltfisks

Mismunandi framleiðsluaðferðir við verkun saltfisks; Saltfiskmarkaðir hafa verið að þróast og neytendur gera kröfur um að fá nýjar afurðir og er það mismunandi eftir löndum. Til að bregðast við þessum breytingum hafa saltfiskframleiðendur hér á landi verið að þróa nýja framleiðsluaðferðir og komið með nýjar afurðir á markað til að koma til móts við þarfir neytenda sem eru breytilegar eftir aldri, kyni, landsvæðum, siðum, hefðum o.fl. Íslenskir saltfiskframleiðendur hafa breytt vinnsluferli og aðferðum til að ná fram settum markmiðum, þar má nefna; þurrsöltun, þækilsöltun, þæklun, sprautusöltun, létt-söltun, notkun aukefna o.fl. Til að ná þessum árangri hefur verið lögð meiri áhersla á hráefnismeðferð, stýringu á hitastigum og loftraka við geymslu og flutning afurða.



Sveinn Ari Guðjónsson
Rekstrarstjóri
saltfiskvinnslu Vísir

08:50 Framtíð saltfisks frá Íslandi

Mun spá í framtíðarhorfur með sölu og neyslu á saltfiski í helstu markaðslöndum í Suður-Evrópu og þá í beinu samhengi framleiðslu saltfisks á Íslandi. Hvað vilja neytendur hér úti og hér heima. Þurfum við að breyta einhverju í framleiðslunni til að viðhalda eða jafnvel auka sölu og framleiðslu á saltfiski. Förum við í frekari framhaldvinnslu á saltfiski hér á Íslandi?



Björgvin Þór Björgvinsson
Verkefnastjóri Íslandsstofa

09:00 Markaðsverkefni saltfisks í suður Evrópu

Markaðssamstarf undir yfirskriftinni „Smakkaðu og deildu leyndarmáli íslenska þorsksins“ hófst árið 2013. Það er samstarfsverkefni Íslandsstofu og Íslenskra saltfiskframleiðenda (ÍSF) og hefur markaðsstarfið beinst að þremur mörkuðum í Suður Evrópu: Spáni, Portúgal og Ítalíu. Á þessum fimm árum hefur tekist að festa verkefnið í sessi, byggja upp tengslanet úti á mörkuðum og vettvang á samfélagsmiðlum. Í erindi sínu mun Björgvin segja frá markaðsverkefninu og því sem það hefur skilað.



Bjarki Freyr
Gunnlaugsson
Yfirkokkur á
Tapasbarnum

09:10 **Saltfiskhátíð Tapasbarsins**

Saltfiskur hefur verið hluti af matseðlinum á Tapasbarnum síðan opnun staðarins árið 2000. Í mars á þessu ári vorum við með "Saltfiskhátíð" í eina viku í samstarfi við Íslandsstofu sem sló í gegn og kom mikill fjöldi Íslendinga til okkar. Þá buðum við upp á 5 mismunandi saltfisksrétti, tvo frá okkur og þrjá frá kokkum frá Barcelona. Við ætlum að endurtaka hátíðina aftur á næsta ári í samstarfi við Íslandsstofu og gera hátíðina enn sýnilegri.

09:20 **Umræður**



**Íslenskur sjávarútvegur sýnir ábyrgð
í verki með vottun fiskistofna undir
merkjum Iceland Responsible Fisheries.**





Málstofustjóri:
Guðrún Pétursdóttir
Dósent Háskóli Íslands

Ráðstefnusalur:
Silfurberg A

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
09:45-11:30



Umsjónarmaður:
Margrét Geirsdóttir
Sérfræðingur Matis

Farið verður yfir stöðu Íslendinga í sjávarútvegi á alþjóðavísu, hvar við höfum haft áhrif og gert okkur sýnileg. Bent verður á það sem vel hefur verið gert og getur verið fyrirmynd annarra verkefna sem liður í því að auka vægi íslensks sjávarútvegs á alþjóða vísu. Í málstofunni verður farið yfir hvort hætta sé á því að íslenskur sjávarútvegur sitji eftir í framtíðarþróun þessarar mikilvægu atvinnugreinar og bent á tækifæri sem geta stuðlað að því að Ísland verði í fremstu röð á meðal sjávarútvegsþjóða.



Runólfur Geir Benediktsson
Forstöðumaður Íslandsbanka

09:45 Íslensk fjármálafyrirtæki og alþjóðlegur sjávarútvegur

Íslensk fjármálafyrirtæki hafa starfað á erlendum mörkuðum um árabil, hér verður leitast við að svara m.a. eftirfarandi spurningum:
Hvað varð til þess að íslensk fjármálafyrirtæki fóru að vinna með alþjóðlegum sjávarútvegsfélögum?
Hvað eru íslensk fjármálafyrirtæki að gera á erlendum vettvangi í tengslum við alþjóðlegan sjávarútveg?
Hvað hafa íslensk fjármálafyrirtæki fram að færa í samkeppni við mun stærri erlend fjármálafyrirtæki?



Helgi Hjálmarsson
Framkvæmdastjóri Völkú

10:00 Tæknileg áhrif Íslendinga erlendis

Það er ljóst að unnið hefur verið mikið brautryðjandastarf í þróun tækjabúnaðar og hugbúnaðar fyrir fiskvinnslur á Íslandi. Óhætt er að segja að þessi þróun hafi hafist af krafti þegar Marel kom með sjóvog á markaðinn í kringum 1990. Valka hefur lagt sitt af mörkum í þessari þróun þegar við vorum fyrst í heiminum að koma með á markað röntgenstýrða skurðarvél sem sker beingarð úr fiskflökum. Í erindinu verður farið stuttlega yfir þau fyrirtæki og þann búnað sem Íslendingar hafa náð árangri með á erlendum mörkuðum.



Þór Heiðar Ásgeirsson
Aðstoðarforstöðumaður Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

10:15 Alþjóðleg áhrif Íslendinga í menntamálum og þróunaraðstoð

Í gegnum tíðina hefur fjármagn til þróunar sjávarútvegs í þróunarlöndum farið að stórum hluta í innviðauppyggingu. Minna fjármagn hefur farið í uppbyggingu þekkingar á meðal heimamanna í þróunarlöndum. Þó að heimsmarkmið 4 sé tileinkað menntun fer að öðru leiti ekki mikið fyrir uppbyggingu fagþekkingar í heimsmarkmiðunum. Kerfisbundin uppbygging á færni og þekkingu á sviði sjávarútvegs er mjög mikilvæg og hefur Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna sinnt þessum þætti og þróað aðferðir og vinnulag sem skilað hefur mjög góðum árangri.



Sveinn Margeirsson
Forstjóri Matis

10:30 Áhrif af rannsóknarsamstarfi – Er hlutverk Íslendinga að gefa eða þiggja?

Á tyllidögum segjum við Íslendingar gjarnan að íslenskur sjávarútvegur sé bestur í heimi. Skýr stefna og samstarf framsækinna fyrirtækja um rannsóknir og nýsköpun hafi skipt sköpum í þeim efnum. Erindið mun nálgast spurninguna um sannleiksgildi slíkrar sýnar og hvort Íslendingar hafi sögulega og til framtíðar haft meira að gefa en þiggja þegar kemur að alþjóðlegu samstarfi um verðmætaskapandi rannsóknir á nýtingu auðlinda hafsins.



Sigurður Hannesson
Framkvæmdarstjóri Samtaka iðnaðarins

10:45 Samkeppnishæfni Íslands

Samkeppnishæfni varðar ekki eingöngu atvinnulífið heldur samfélagið í heild sinni og styður við velferð og bætt lífsgæði. Sigurður ætlar í erindi sínu að fjalla um þau málæfni sem ráða hvað mestu um samkeppnishæfni ríkja og hvaða áskorunum þarf að mæta til að bæta samkeppnishæfni Íslands.

11:00 Umræður

Deloitte.



**Your partner in Iceland
and all over the world**

Audit & Assurance / Consulting / Financial
Advisory / Risk Advisory / Tax & Legal

deloitte.is

Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi



Málstofustjóri:
Una Ingólfssdóttir
Aðstoðarmaður
framkvæmdastjóra
Skaginn 3X

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
09:45-11:30

Markmiðið er að gefa þjónustuaðilum sjávarútvegs möguleika á að kynna vöru og þjónustu sem fyrirhugað er að markaðssetja eða er nýlega byrjað að selja. Hér er um kostaðar kynningar að ræða og ekki er verið að kynna fyrirtækið eða almennar vöru eða þjónustu sem það býður upp á. Það er von okkar að keyptar kynningar á Sjávarútvegsráðsstefnunni verði árlegur viðburður hjá þjónustufyrirtækjum í sjávarútvegi að kynna nýjungar sem eru að koma eða nýlega komnar á markað. Vonast er til að kynning á nýjungum í sjávarútvegi auðvelda mönnum ákvörðunartöku í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Í lok málstofu verða almennar umræður um framtíðarnotkun búnaðarins/þjónustunnar og möguleikar.



Umsjónarmaður:
Sturlaugur
Sturlaugsson
Sjálftæður ráðgjafi



Steingrímur Gunnarsson
Vörustjóri
Trackwell

09:45 Aukin sjálfvirkni í skráningum og miðlun upplýsinga um veiðar og vinnslu

Margar útgerðir nýta sér Hafsýn til að halda utan um upplýsingar um veiðar og ráðstöfun afla. Skipstjórar hafa aðgang að sögulegum gögnum úr fyrri veiðiferðum og stjórnendur í landi fá gögn sem gera þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir um framhald veiðanna og skipuleggja vinnsluna, þannig að takist að hámarka verðmæti hráefnisins. Sagt verður frá verkefnum sem auka sjálfvirkni skráninga um borð og miðlun upplýsinga í Hafsýn.



Dr. Ólöf Helga Jónsdóttir
Rannsóknir og þróun
Skaginn 3X

09:55 SEASCANN: Rekjanleiki afurðar og sjálfbærar veiðar

SEASCANN er ætlað að auka afköst í flokkun um borð í veiðiskipum og þannig viðhalda betur gæðum afurðarinnar. SEASCANN flokkar fiskinn sjálfvirkt eftir stærð, lit, tegund og gæðum og safnar einnig upplýsingum í rauntíma um aflann. Slíkar upplýsingar nýtast áhöfninni, hinu opinbera, rannsóknaraðilum og vinnslum í landi. Með því að greina aflann strax um borð í veiðiskipum opnast möguleiki á rekjanleika afurðarinnar, frá veiðislóð til neytanda, ásamt því að kortleggja veiðislóðir enn frekar. SEASCANN mun einnig ýta undir sjálfbærar veiðar.



Stefán Torfi Höskuldsson
Sviðsstjóri
Wise lausnir ehf.

10:05 Greining og birting gagna í Power BI úr upplýsingakerfi fyrir sjávarútveg – WiseFish

Farið verður yfir hvernig hægt er að greina og birta gögn úr WiseFish/Dynamics NAV á myndrænan og aðgengilegan hátt í Power BI fyrir stjórnendur í sjávarútvegsfyrirtækjum. Sýnd verða dæmi um úrvinnslu gagna fyrir vinnslustjóra, útgerðastjóra og fjármálastjóra fyrirtækja sem gera kröfur um gögn í rauntíma til að hjálpa við ákvarðanatökur og/eða greiningar.



Kristján Sigurgeirsson
Framkvæmdastjóri
MaintSoft

10:15 Viðhaldsstjórnun skipaflota

Maintx viðhaldsstjórnunarkerfið gerir m.a. fyrirtækjum með skipaflota með óreglulegt netsamband mögulegt að vera bæði með kerfið uppsett í hverju skipi og miðlægt á aðalskrifstofu sinni, þar sem öll gögn úr kerfunum í skipunum eru lesin inn um leið og skipin eru komin með nettengingu og eins eru þá upplýsingar úr miðlæga kerfinu lesnar inn í gagnagrunn hvers skips um leið. Kerfið stýrir viðhaldsverkefnum, varahlutum, viðhaldssögu og kostnaði.



Ólöf Guðrún Hafsteinsdóttir
Ráðgjafi Sýni

10:25 Áskoranir við aukna sjálfvirkni í sjávarútveg

Fjöldmörg sóknarfæri felast í sjálfvirknivæðingu sem nú á sér stað í íslenskum sjávarútveg. Nýjungar hafa aukið framleiðslugetu, bestun ferla, auðveldað upplýsingamiðlun og samhliða er þörf á sérhæfðu starfsfólki. Sýni ehf býður framleiðendum m.a. ráðgjöf við þrífavæna hönnun og staðsetningu búnaðar. Gerð virkniprófana (sannprófanir og gildingar) og úttektir á afurðum og tækjum. Uppsetningu gæðahandbóka og úttektir eftir vottuðum matvælaöryggisstöðlum. Þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk.



Jón Björn Bragason
Fagstjóri
Efla

10:35 **Aflmeiri landtengingar fyrir sjávarútveg**

Erindið fjallar um aflmeiri landtengingar uppsjávarskipa með áherslu á að orkunotkun skipa við bryggju sé „græn“ orka, þannig að ekki þurfi að nota olíudrífna rafala við dælingu hráefnis frá borði. Farið verður yfir hvernig umbreyta má hefðbundinni rekstrarspennu landrafmagns að rekstrarspennu viðkomandi skipa og að hverju þarf að huga við innleiðingu þess konar kerfa.



Richard Kristinsson
Framkvæmdarstjóri
Mjöll Frigg

10:45 **Mikilvægi réttra sótthreinsiefna í sjávarútvegi**

Hversvegna er sótthreinsun og rétt sótthreinsiefni mikilvæg í sjávarútvegi. Hvað erum við að ráðleggja og hverjar eru kröfurnar.

10:55 **Umræður**



NÝSKÖPUN Í SJÁVAR- ÚTVEGI MEÐ TM

Saga TM er samofin sögu sjávarútvegs á Íslandi. Við erum stolt af því að hafa komið að uppbyggingu og viðhaldi öflugrar útgerðar og nýsköpunar á Íslandi frá stofnun félagsins.

TM er í dag leiðandi á sviði váttryggingaþjónustu fyrir sjávarútveginn og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar jafnt á sjó sem landi.

Staða og þróun á mikilvægustu bolfiskmörkuðum



Málstofustjóri:
Eggert Benedikt
Guðmundsson
IceCure

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
09:45-11:30

Fjallað verður um stöðu og þróun á nokkrum af okkar mikilvægustu bolfiskmörkuðum. Farið verður yfir þróun á landfrystum, sjófrystum og ferskum afurðum og þær áskoranir sem fram undan eru. Rætt verður um þróun markaða með tilliti til dreifingar afurða og val á pakkingum sem og skiptinguna á milli ferskra og frosinna afurða. Hvaða breytingar eru að eiga sér stað í neytendahegðun og vörusamsetningu sem íslenskir framleiðendur þurfa að taka tillit til og hvaða erlendu tegundir eru í mestri samkeppni við þær íslensku?



Umsjónarmaður:
Gísli Kristjánsson
Framleiðslustjóri HB
Grandi



Kristján Hjaltason
VP Marketing & Sales
Norebo Europe

09:45 Framboð botnfisks, framleiðsla, útflutningur og samkeppnistegundir

Horfur á auknum afla í ár og á næsta ári munu styrkja sjávarútveginn verulega, en á sama tíma er samkeppnin mikil við botnfiska frá öðrum veiðisvæðum. Auk þess eykst verulega framboð af ferskvatns- og eldistegundum. Í ræðunni verður farið yfir framboð botnfiska á Íslandi árið 2017, magn 2018 áætlað og spáð í næsta ár. Framboð samkeppnistegunda úr veiðum og eldi verður lýst. Einnig verður greint hvernig afla er ráðstafað eftir vinnsluflokkum og útflutningur sjávarútvegsins skoðaður með áherslu á botnfiska.



Benoit Vidal Giraud
Founding partner
VIA AQUA

10:05 The Groundfish Market in France – Trends and Challenges

France is one of the most important market for Icelandic fish. Benoit Vidal-Giraud will talk about how the market for groundfish in France is developing, in regards of fresh vs. frozen products, logistics and packaging. What changes are in consumer behaviour, distribution channels (e.g. internet sales) and product specifications and how to processors have to respond.



Sturlaugur Haraldsson
Framkvæmdastjóri
Norebo Europe

10:25 Bolfiskmarkaður í Bretlandi

Fjallað verður um það hvernig bolfiskmarkaður í Bretlandi er samsettur. Eftirspurn er áfram góð þrátt fyrir krefjandi ytri aðstæður, verðbólgu og rýrnandi kaupmátt. Almennungur er smá saman að verða meira meðvitaður um heilsusamlegra lífni. Kjötneysla er á undanhaldi og fólk lýsir yfir áhuga á að borða meira af fiski en hækkanði verð er áskorun. Bretar halda áfram mikilli tryggð við þorsk, ýsu, lax, alaskaufsa og rækju. Þessar tegundir hafa verið uppistaðan í neyslunni um árabil, ekki er útlit fyrir mikla breytingu hvað það varðar.



Pétur Mátsson
The Marketing Services
Company

10:45 Bolfiskmarkaður í Bandaríkjunum

Fjallað verður um neyslu Bandaríkjamanna á sjávarafurðum, með áherslu á bolfisk og ræktaðan fisk. Farið verður yfir þróun á framboði og eftirspurn ýmissa bolfisktegunda og vörum unnum úr þeim. Staðan á veitingahúsa- og smásöluörkuðum verður skoðuð. Hugleitt verður hvort íslenskur fiskur haldi enn ímynd sinni á Bandaríkjamarkaði og hvort hægt sé að nýta hana betur.

11:05 Umræður



HVER EINASTI FISKUR ER VERÐMÆTI

Skaginn 3X er leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á hátækni búnaði fyrir sjávarútveg. Öll okkar vinna snýst um að nýta afurðina og auka verðmæti. Heilsaðu upp á okkur í bás 10.



SKAGINN 3X

www.skaginn3x.com

Uppsjávarveiðar á tímum loftslagsbreytinga



Málstofustjóri:
Dr. Freydis Vigfúsdóttir
Sérfræðingur
Háskóli Íslands

Ráðstefnusalur:
Silfurberg A

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
12:00-13:45

Miklar og hraðar breytingar eiga sér stað í lífríki sjávar með tilfallandi aðlögunarkostnaði fyrir sjávarútveg og íslenskt samfélag. Gildi rannsókna á uppsjávarlífríki eru óumdeilanlegar og mikilvægar fyrir framtíð iðnaðarins og ákvörðunartöku um sjálfbæra nýtingar auðlindarinnar. Í þessari málstofu kynnið okkar fremsta vísindafólk nýjustu niðurstöður á sviði hafrannsókna á uppsjávarlífríki: frá hafstraumum til megin uppsjávarstofna á Íslandsmiðum og í Norður Atlantshafi. Farið verður yfir stöðu stofna og framtíðarhorfur og í lok málstofu gefst tækifæri til fyrirspurna og samtals við fyrirlesara.



Umsjónarmaður:
Dr. Daði Már
Kristófersson
Forseti fræðasviðs
Háskóli Íslands



Dr. Hjálmar Hátún
Senior Researcher
Faroe Marine Research
Institute (FAMRI)

12:00 The North Atlantic subpolar gyre regulates marine ecosystems


Illustration of linkages between the dynamics of the subpolar gyre and temperatures, salinities, nutrient concentrations, abundance of phytoplankton and zooplankton, pelagic fish stocks, seabird populations and migration of pilot whales. Focus is on the main pelagic species, mackerel, blue whiting and herring – their stock sizes, spawning distributions and feeding migration routes. Impact of the open-ocean on the adjacent south Iceland and Faroe shelves will also be discussed.



Dr. Lísanna Libungan
Sjávarvístfræðingur
Hafrannsóknastofnun

12:20 Dýrasvif og uppsjávarfiskistofnar austan við Ísland síðustu tvo áratugina

Frá árinu 1970 hefur Hafrannsóknastofnun farið í umfangsmikla leiðangra austur fyrir Ísland að vori og safnað gögnum um frumframleiðni, dýrasvif og síld, en einnig mælt umhverfisbreyttur líkt og hita og seltu. Í erindi þessu verður einblínt á hvort breytingar hafi átt sér stað í magni og samsetningu dýrasvifs, magni og tilfærslu uppsjávarfiskistofna og hvort rekja megi þessar breytingar til umhverfisbreytinga á svæðinu.



Cecilia Kvaavik
Doktorsnemi
Hafrannsóknastofnun og
Háskóli Íslands

12:35 Herring and Mackerel – Competition or Coexistence?


This talk focuses on the differences between the diets of mackerel and two herring stocks found in Icelandic waters as well as the trophic links between them. This is done by analysing the stable isotope signatures ($\delta^{13}C$ and $\delta^{15}N$), which reflect biologically assimilated nutrients from the diet over a longer time period, together with stomach content analyses. Results will be presented, with focus on the diet composition, trophic level and evaluation of competition between these two pelagic species.



MPhil Birkir Bárðarson
Fiskifræðingur
Hafrannsóknastofnun

12:50 Loðnan á mörkum tveggja heima

Loðnan er smár uppsjávarfiskur sem lifir á mörkum kaldsjávar íshafsins og hefur gríðarlegt mikilvægi í vistkerfum á jaðri norður heimskautsins. Samhliða umhverfisbreytingum hafa orðið sviptingar í útbreiðslu, gönguhegðun og afkomu loðnunnar í Íslandshafi og nálægum hafsvæðum, en þar er stór loðnustofn sem hefur gefið mikið af sér með beinum fiskveiðum auk þess að vera lykil fæðutegund þorsks og annarra mikilvægra nytjastofna.



Dr. Anna Heiða Ólafsdóttir
Fiskifræðingur
Hafrannsóknastofnun

13:05 Þrjár áskoranir í rannsóknum á viðförlum uppsjávarfiskastofnum við Ísland

Rannsóknir á líffræði og vistfræði víðförla uppsjávarfiskistofna í Atlantshafi krefjast alþjóðlegrar samvinnu, góðs skipulags og mikilla peninga þar sem útbreiðsla stofnanna nær yfir nokkrar milljónir km² og inniheldur landhelgi margra landa. Svokallaður „makrílleidangur“ er dæmi um slíkan fjölþjóða rannsóknaleidangur. Þar er leitast við að hámarka nýtingu sjóðaga með því að safna gögnum fyrir ýmis rannsóknaverkefni auk mæling á magni og útbreiðslu uppsjávarfiska. Einnig verður sagt frá aðkomu útgerðar í gagnasöfnun fyrir rannsóknir.

13:20 Umræður



Málstofustjóri:
Anna Kristín Pálsdóttir
Vöruþróunarstjóri
Marel

Ráðstefnusalur:
Silfurberg B

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
12:00-13:45

Fjallað verður um helstu drifkrafta fjórðu iðnbyltingarinnar og færð verða rök fyrir því hvernig íslenskur sjávarútvegur er virkur þátttakandi í þróun tækni sem er hluti af þessari byltingu. Þá verður farið yfir þær breytingar sem tækniþróunin orsakar á samfélag og hagkerfi sem og með hvaða hætti Ísland á að nýta sér þessa þróun til að bæta lífskjör.



Umsjónarmaður:
Bjarni Eiríksson
Sérfræðingur í
markaðsgreiningum
Marel



Dr. Huginn Freyr
Þorsteinsson
Eigandi Aton

12:00 Fjórða iðnbyltingin og framlag íslensks sjávarútveg

Fjöldmörg ríki hafa að undaförnu látið skoða möguleg áhrif gervigreindar á hagkerfi sín og heimsins. Ástæða þessarar skoðunar er að ljóst þykir að hröð þróun gervigreindar og tækni til að framkvæma flókna ferla muni fela í sér mikla umbreytingu á samfélagi okkar. Íslenskur sjávarútvegur mun ekki fara varhluta af þessari þróun og raunar eru vísbendingar um að íslensk fyrirtæki verði virkir þátttakendur í hönnun hátæknilausna á þessu sviði.



Heimir Fannar
Gunnlaugsson
Framkvæmdastjóri
Microsoft á Íslandi

12:15 Big Data er lykill að framtíðar gervigreind – Tækifæri fyrir sjávarútveginn

Fyrirtæki hafa í auknum mæli skilið virði gagna og hvernig réttur skilningur á gögnum getur gjörbreytt forsendum ákvörðunartöku. Með skýlausnum er fyrirtækjum gert kleift að safna miklu magni af gögnum og greina þau með nýstárlegum hætti. Big Data er lykil hugtak í þessu samhengi, sem síðan leiðir til umræðu um hvernig megi nýta gervigreind til hagsbóta fyrir fyrirtæki.



Haukur Hafsteinsson
Forritun Marel

12:30 Skilvirk vöruþróun í fiskiðnaði með hermun og sýndarveruleika


Við hönnun á flóknum vélum og kerfum fyrir fiskiðnað getur verið erfitt að smíða frumgerðir sökum kostnaðar og stærðar. Sýndarveruleiki og hermun gefur okkur tækifæri til að herma allt frá litlum tækjum upp í heilu kerfin, prófa frumgerðir, sannreyna flæði og fá endurgjöf á hugmyndir.



Guðmundur Magnús
Sigurbjörnsson
Sölu- og markaðsstjóri
Samey

12:45 Iðnaðarþjarkar í fiskvinnslu, núverandi og næstu skref

Iðnaðarþjarkar hafa verið að ryðja sér til rúms í fiskvinnslum um allan heim. Farið verður yfir helstu verkefni iðnaðarþjarkar í fiskvinnslum í dag og þau verkefni sem eru framundan með nýrri tækni og hugbúnaði.



Hagalín Ásgrímur
Guðmundsson, Sindri
Ólafsson, Þröstur Snær
Eiðsson Marel

13:00 Þjálfar maður vél

Farið verður yfir tækifæri og aðferðarfræði til gagnasöfnunar, úrvinnslu og virðisaukningu út frá gögnum. Þá helst hvernig fyrirtækið nýtir gagnavísindi og vélrænt gagnanám til að kenna vélum að túlka villur, galla og gæði út frá gögnum frá skynjurum og hugbúnaði.

13:15 Umræður

Uppruni og umhverfismál – áhrifavaldar á kaup sjávarafurða



Málstofustjóri:
Laufey Skúladóttir
Markaðsstjóri
Fisk Seafood

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
12:00-13:45

Gildismat og viðhorf neytenda er að þróa í auknum mæli í þá átt að þeir vilja vita meira um uppruna og umhverfisleg áhrif matvæla sem þeir kaupa. Þetta endurspeglast einnig í kröfum innkaupaaðila á sjávarafurðum. Í málstofunni verður fjallað um þætti sem snúa að tækifærum og leiðum til að auka sýnileika íslensks uppruna og auka aðgengi upplýsinga um sjálfbærni íslenskra afurða á okkar lykilmörkuðum.



Umsjónarmaður:
Guðný Káradóttir
Forstöðumaður hjá
Íslandsstofu



Sigrid Merino,
Project Manager, Iceland
Responsible Fisheries

12:00 The role of eNGOs of providing information on seafood sustainability and fisheries' certifications

The access to reliable information about responsible fisheries certifications is of great importance. ENGO's sustainable seafood guides are made to give advice to consumers and retailers when buying seafood. This research aims to review these guides that are present in the markets where certified fish from Iceland is exported. This will allow us to identify how fish from Iceland is presented, which information is provided, and which one is missing.



Nuno Araújo
Sales representative VSV
Portugal – office branch
of Vinnslustöðin

12:20 “Cod at your door”: pop up store experience with Icelandic cod in Portugal

VSV Portugal made an experiment by opening a pop-up store in Portugal for two months, where they only sold Icelandic cod. The main goal was to understand the quality of our product, choices of purchase by the Portuguese traditional consumer, impact of the Icelandic origin vs other origins, role of promotions in the behaviour of the consumer, what do people prefer when they choose cod and the profile of a typical Portuguese cod buyer.



Geir Þráinsson
Product Specialist Innova
Marel

12:40 Rekjanleiki í virðiskeðjunni – tækni og tækifæri

Nútíma matvælavinnsla þarf að uppfylla margvíslegar kröfur er varða uppruna hráefna í lokaafurðum. Að geta rakið uppruna hráefnis í loka afurð og á sama tíma haldið utan um allar upplýsingar því tengdu, deilt þeim með öðrum í virðiskeðjunni, er mjög mikilvægt. Öll virðiskeðjan mun hagnast á því og traust á framleiðendum aukast. Hvaða tækni er verið að nota og hvaða tækifæri eru falin í þeim?



Sara Lind Þrúðardóttir
Framkvæmdastjóri
Icelandic Trademark
Holding

13:00 Í upprunanum liggja tækifærin

Vörumerkin „Icelandic“ og „Icelandic Seafood“ eru vel þekkt og hafa náð sterkri stöðu á helstu mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Vörumerkið stendur fyrir hreinleika, sjálfbærni, náttúru og gæði. Sara Lind mun segja frá ávinningi og reynslu af notkun merkisins, áhrif á kaupendur og ræða sóknarfæri sem felast í að nýta vörumerkið á sjávarafurðir og fyrir fleiri íslenskar afurðir.

13:20 Umræður

Markaðssetning og vörumerkið Ísland



Málstofustjóri:
Guðbjörg Heiða
Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri Marel
á Íslandi

Ráðstefnusalur:
Norðurljós

Dagur:
Föstudagur

Tímasetning:
14:15-16:00

Íslenskur sjávarútvegur hefur byggt upp sterkt sölunet sem hefur staðið af sér fjölbreyttar áskoranir í ytra starfsumhverfi og markaðsaðstæðum. Fjallað verður um hvernig skipulagt markaðsstarf getur stutt við verðmætisköpun á íslenskum sjávarafurðum. Einnig verða kynntar áherslur söluaðila á erlendum mörkuðum og hvernig nútíma markaðssetningu er háttað.



Umsjónarmaður:
Bjarni Eiríksson
Sérfræðingur í
markaðgreiningum
Marel



Guðný Káradóttir
Forstöðumaður
Íslandsstofa

14:15 Markaðsstarf – grunnur að góðri sölustarfsemi

Með markvissu markaðsstarfi má auka vitund um Ísland sem upprunaland gæða sjávarafurða. Breytingar í neytendahegðun og tækni færa okkur áskoranir og tækifæri. Sagt verður frá rannsóknum sem gerðar hafa verið á vitund og fjallað um aðferðir í markaðsstarfi til að leggja grunn sem nýtist fyrirtækjunum í sölustarfi.



Oliver Lockett
Stjórnarformaður
Niceland Seafood

14:40 Adding actual value to the value chain

The concept behind the design and creation of a seafood brand in the US. market that harvests the true value of market driven supply chain and the importance of the frontline elements; clean nature, sustainability and full traceability.



Elly Truesdell
Chief Strategy Officer
Canopy Foods

15:05 Does 'Iceland' matter?

Does the Icelandic origin benefit retailers and other channels in marketing products? Elly will discuss the power of brand. And why Iceland's "perceived lack of marketing expertise" is a hidden asset. She'll cover current trends in consumer goods and their impact on – and potential for – Icelandic producers.

15:30 Umræður

15:55 Lokaávarp



Mattías Mattiasson
Framkvæmdastjóri
flutningasviðs
Eimskip

Svifaldan2018

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar

Verðlaunin Svifaldan eru veitt þeirri Framúrstefnuhugmynd sem þykir best sameina nýsköpun, frumleika og raunhæfni sem leiða muni til virðisauka, aukinnar sjálfbærni og bættrar ímyndar íslensks sjávarútvegs. Nú í ár er í áttunda sinn keppt á Sjávarútvegsráðstefnunni um verðlaunagripinn sem gefinn er af TM. Að þessu sinni bárust fimm tillögur í keppnina. Fjórar sneru að nýrri tækni fyrir sjávarútveg og ein fjallaði um nýstárlega vörubróun.

Hér á eftir er kynning á hugmyndunum, en þrjár þeirra verða valdar til að fá sérstaka viðurkenningu og ein þeirra mun hljóta Svifölduna og titilinn Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018.

Ekko toghlerar

Staða hugmynda: Hugmynd einstaklings sem er nú framleiðsluvara fyrirtækis og byggir á rannsóknum. Fjögur einkaleyfi eru í alþjóðlegu einkaleyfaferli.

Íslenskur sjávarútvegur hefur verið í fararbroddi í beitingu hátækni og hugvits til að bæta nýtingu og gæði sjávarafurða. Veifarferin, skipin og vinnslan um borð hafa gengið í gegnum tæknibyltingu á meðan toghlerar hafa þróast hægar. Með nýjum vænglaga Ekkó toghlerum verður tæknibylting sem skilar marghátuðum ávinningi umfram hefðbundna toghlera:

- Ekkó toghlerarnir þurfa ekki að snerta botn við botntrollsveiðar og raska því ekki sjávarbotni og lífríki eins og hefðbundnir toghlerar.
- Ekkó hlerarnir eru góðir í köstun, góð opnun, góðir í snúningum og eru klárir eftir snúninginn
- Vænglaga formið sparar orku og eldsneyti. Lyftikrafar vænglaga sniðs Ekkó hleranna er mikið vegna þess að aftari platan er krappari og lengri en platan að framan. Bernoulli kraftarnir toga hlerann sjálfir út og opna vel á milli hleranna með lágmarks orkunotkun.
- Mótstaða og hvirflamyndun er mun minni en hjá hefðbundnum toghlerum. Ekkó toghlerinn fer hljóðlega framhjá fisknum og fælir hann síður frá opi trollsins.
- Auðvelt er að breyta þyngd Ekkó hlerans þar sem hlerinn hangir í blökkinni. Þyngingum er komið fyrir eða þær teknar út í gegnum lúgu á lokuðu rými í hleranum. Það er mikið öryggisatriði fyrir sjómenn að þurfa sem sjaldnast að vinna með hlera á dekki.

Ekkó eru fyrstu toghlerarnir í heiminum með þessu vænglaga formi. Frumgerðir Ekkó toghlera hafa verið notaðar í rúmlega tvö ár á hafrannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni RE-30 bæði við rækjutroll og fjölda síldar- og loðnuleiðangra í flottroll og reynst afbragðsvel. Þeir hafa einnig verið prófaðir á Helgu Maríu AK-16. Þessi veiðireynsla hefur verið afar mikilvæg og nýst vel við að fínstilla hönnun toghlerans. Frekari upplýsingar má nálgast á www.ekko.is

Tengiliður: Smári Jósafatsson, Ný toghlerahönnun ehf / Ekko Toghlerar.

Shark Spirit

Staða hugmynda: Á frumstigi – einstaklingur

„Shark spirit“ er ný framleiðsluvara með tilvísun í hefðina að smakka hákarl, en ferðamenn eru sífellt að leita eftir upplifun, gjöf, áskorun eða bara minjagrip. Hugmyndin felst í framleiða líkan af hákarli úr kæstum hákarli þar sem hvíti hlutinn væri sneiddur í 5 mm þykkar sneiðar og mótað þversnið fullvaxins hákarls (lengd ca. 45 mm og hæð ca. 25 mm). Hákarlslíkanið má frysta að þessu loknu og nota í margs konar vörur. En framúrstefnuhugmyndin felst í því að koma á samstarfi við áfengisframleiðanda með aðgang að Fríhöfn, flugfélögum, og þeim börum og veitingahúsum sem ferðamenn sækja. Áfengisframleiðandinn myndi koma hákarlslíkani fyrir í glærri áfengisflösku og fylla á með snafsblöndu. Hákarl er á nær öllum listum ferðafrömuða um hluti til að prófa á Íslandi, sem sagt „top of mind“, eins og sagt er, hjá ferðamönnum. Það þýðir að verulegur hluti þeirra 2ja milljóna ferðamanna sem munu skila sér hingað árlega næstu árin, veit að hákarl ætti að prófa í heimsókninni. Meðal þess úrvals af íslensku áfengi (um 60 afbrigði/pakkingar), sem nú eru til sölu í Fríhöfninni í Leifstöð, er engin þeirra með tengsl við sjávarútveg. Leitað er eftir samstarfi við markaðsaðila.

Tengiliður: Friðrik Sturlaugsson

Caligo Sapo Fjölpökukerfi.

Staða hugmynda: Ný útfærsla á framleiðsluvöru fyrirtækis

Sóttreinsun í fiskvinnslu með þokuúðun hefur verið vel þekkt í um 25 til 30 ár. Með þessari hugmynd er aðferðin tekin enn lengra, þar sem sápu er einnig úðað á vélar og tæki með sömu aðferð og með sama tækinu CALIGO SAPO.

Með hefðbundnum þrifa aðferðum er sífellt verið að berjast við uppbyggingu á óhreinindum og bakteríum, en með fjölpöku þrifa aðferðinni og réttum efnum er hægt að fyrirbyggja hana. Þókan er hagstæð því hún er alltaf jöfn á alla fleti í hvert skipti. Ef skugga blettir finnast þá er auðvelt að bæta spíssum til að ná þeim. Mannlegi þátturinn er tekinn út og er því engin hætt á að einhverjir fletir gleymast.

Fjölpökuprifaaðferð í fisk- og matvælaíðnaði hefur verið sannreynd með gerlamælingum, en aðferðin byggist á að nýta saman nokkrar þekktar aðferðir í eina samfelda lausn. Ágreiningur hefur verið á undanförunum árum varðandi hvaða vatnsþrýsting á að nota við þrif (láþrýsting 20 bar, eða háþrýsting 100 bar), en hér er notast við hvoru tveggja og byggist lausnin á 5 þrepa þrifum.

- Grófskolun með láþrýstivatni u.þ.b. 10 til 20 bar vatnsþrýstingi til að fleyta burtu öllum lausum óhreinindum áður en sápuþökun hefst.
- Sápuþökun með Caligo Sapo.
- Hinn eiginlegi þvottur þar sem beitt er Háþrýstiþrifum með u.þ.b. 100 bar þrýstingi og beitt mismunandi þvottastútum til að komast að öllum þeim stöðum sem óhreinindi geta leynst.

- Hér er einnig gott að hafa í huga sjálfvirkan færíbandaþvott.
- Eftirlit og frágangur, þar sem þrífafólk gengur frá eftir þrif og skefur vatn af tækjum og gólfum.
- Setur sjálfvirka Caligo Sapo sótthreinsun í gang og lýkur vinnudegi.

Með þessari aðferð er sparað 80% efni, 70% af vatni og 40% af vinnuafli.

Tengiliðir: Gunnar Brynjólfsson, B.G.B TECH og Baldur Halldórsson, Vatnslausnir ehf.

Kristjánsbúrið

Staða hugmyndar: Hugmyndin byggir á einstaklingsframtaki og framleiðsluvöru fyrirtækis.

Kristjánsbúrið er eins og nafnið gefur til kynna „búr“ þar sem hægt er að setja inn stæðu af fiskikerum. Á tveimur hliðum búrsins eru slár sem leggjast skáhalt fyrir fiskikerin þegar búrið er híft upp frá undirlagi og hindra þannig að fiskikerin geti fallið út úr búrinu. Þegar búrinu er svo slakað niður á undirlag og slakað hefur verið á vír sem festir búrið við kranann sem notaður er við löndun, þá opnast slárnar þannig að lyftari komist að til að taka kerin úr búrinu.

Til langs tíma hefur fiski í körum verið landað þannig úr fiskiskipum að 3-5 fiskikörum er staflað upp í lest skipsins, stálkrókum er krækt undir horn neðsta karsins og stæðan síðan hífð upp á bryggju. Þessi aðferð getur reynst mjög varasöm þar sem stálkrókar geta losnað af í hífingu með þeim afleiðingum að fiskikörin falla niður í lest skipsins, niður á aðra staði í skipinu eða á bryggjuna eftir því hvar körin eru stödd þegar krókarnir losna. Þróun á Kristjánsbúrinu hófst í kjölfar vinnuslyss sem varð við löndun hjá Samherja á Dalvík og er byggð á samstarfi Samherja með Valeska og Hamar ehf og síðar framleiðslu hjá Sæplasti. Þessi byltingarkenndi búnaður er þegar í notkun hjá allnokkrum fyrirtækjum á Íslandi og eru þau fyrirtæki sam-mála um að hann gjörbreyti starfi löndunarstarfsmannsins til hins betra. Skapi mun öruggara starfsumhverfi og hagræðingu fyrir fyrirtækin. Nú er verið að smíða frumgerðir af Kristjánsbúri sem hugsað er til löndunar á frosnum afurðum. Aukið öryggi – betra orðspor.

Tengiliður: Kári Pálsson, Hamar ehf.

SC pro

Staða hugmyndar: Þróun á framleiðsluvöru fyrirtækis byggð á samstarfi og styrkveitingu úr evrópskum rannsóknasjóðum.

Aurora Seafood ehf. í samstarfi við Curio ehf vinna nú að þróun sæbjúgnavinnsluvélar. Á Íslandi hafa sæbjúgu verið unnin síðan árið 2003 og allar götur síðan hafa framleiðendur reynt að hanna og smíða vélar til að skera sæbjúgun. Það hefur reynst þrautinni þyngra, þar sem sæbjúgu hafa mjög breytilega lögun. Aurora Sefood og Curio hafa trú á því að unnt sé að nýta nýlega tækni til að vinna bug á þessu vandamáli. Sú tækni heitir XTS brautir (e. XTS linear transport system) og gengur út á að láta tölvustýrða sleða flytja einingar áfram á milli stöðva. Vél-inni er ætlað að geta greint eftir stærð og lögun hvernig best og hagkvæmast sé að vinna hvert sæbjúga. Sæbjúgun eru aðallega unnin á tvenns konar hátt. Önnur aðferðin gengur út á að slægja þau og skera svokallað blóm af og fjarlægja ásamt innfylunum. Skrápurinn er þá sendur áfram til suðu eða frystingar. Hin aðferðin gengur út á að slægja sæbjúgun og hreinsa eins og áður, en aðskilja svo kjöt frá innanverðum skrápnum. Kjötinu

er svo vakúmpakkað, en það sem eftir er af skrápnum (skinnið) er annaðhvort soðið og þurrkað, eða fryst.

Viðlíka vélar og búnaður til vinnslu á sæbjúgum eða öðrum hryggleysingjum hefur ekki verið smíðaður áður, en þessi vél myndi gera fullvinnslu afurða á vestrænum atvinnusvæðum gerlega og arðbæra. Með vélinni færast framleiðendur nær neytendum vörunnar og möguleikar á framleiðslu ýmissa afurða s.s. hreinsuð heil sæbjúgu, kjöt og skinnframleiðsla verður samkeppnishæf við ódýrt erlent vinnuafli. Með tilkomu þessa búnaðar er Ísland að merkja sér áhugaverða hillu á markaði afurða sæbjúgna og ekki síst markaði vélbúnaðar fyrir vinnslu á sæbjúgum í heiminum.

Tengiliður: Davíð Freyr Jónsson, Aurora Seafood

Mat á framúrstefnuhugmyndum – Svifaldan 2018

Svifaldan er verðlaunagripur, sem er gefin af TM til þeirrar framúrstefnuhugmyndar sem dómnefnd velur í fyrsta sæti. Jafnframt verður veitt verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa að þremur bestu hugmyndunum að mati dómnefndar. Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar um tillögurnar og höfunda er bent á að hafa samband við Valdimar Gunnarsson (netfang: valdimar@sjavarutvegur.is).

Dómnefnd Framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018:

Guðrún Ólafsdóttir, Ásgeir Ingvi Jónsson, Björk Viðarsdóttir, Gísli Kristjánsson og Jónas R. Viðarsson



Svifaldan, verðlaunargripur Framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Sjávarútvegsráðstefnan 2017

Fjöldi þátttakenda

Áttunda ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin í Hörpu dagana 16.-17. nóvember. Samtals voru skráðir 710 þátttakendur á ráðstefnuna.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins er að þessu sinni: Hrefna Karlsdóttir, formaður, Daði Már Kristófersson, Gísli Kristjánsson, Helga Franklinsdóttir, Jóhann Vignir Gunnarsson, Jón Þrándur Stefánsson, Sigrún Mjöll Halldórsdóttir og Sverrir Guðmundsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og CP Reykjavík sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað.

Dagskrá ráðstefnunnar

- Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:
- Er hægt að fimmfalda útflutningsverðmæti bláa hagkerfisins?
- Kröfur kaupenda um upplýsingar – Erum við að gera nóg?
- Framtíð ferskfiskvinnslu
- Öryggismál sjómanna
- Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar fyrir sjávarútveginn
- Upplýsingatækni í sjávarútvegi
- Þróun og framtíðarsýn í gæðamálum
- Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Af hverju að verja hugverk?
- Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Hvernig skal verja hugverk?
- Umbúðir og áhrif þeirra á umhverfið
- Menntun í sjávarútvegi
- Tækifæri og áskoranir á mörkuðum
- Fjórdá iðnbýltingin – Sjávarútvegur
- Fiskveiðistjórnarkerfi og veiðigjöld annarra þjóða

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Íslandsbanki til veglegrar móttöku í Hörpu.

Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, málstofustjórum og öðrum sem aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2017, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: www.sjavarutvegsradstefnan.is



Málstofan Er hægt að fimmfalda útflutningsverðmæti bláa hagkerfisins? Frá vinstri: Hjálmar Sigurþórsson, Berta Danielsdóttir, Stella Kristinsdóttir, Einar Kr. Guðfinnsson, Sveinn Margeirsson, Heiðrún Lind Marteinsdóttir.




Málstofan Kröfur kaupenda um upplýsingar – Erum við að gera nóg? Frá vinstri: Kristján Þórarinnsson, Helga Gunnlaugsdóttir, Grímur Valdimarsson, Guðrún Ólafsdóttir, Guðný Káradóttir, Óskar Sigmundsson og Erla Kristinsdóttir.



Málstofan Fiskveiðistjórnarkerfi og veiðigjöld annarra þjóða. Frá vinstri: Óli Samró, Hans Elefssen, Hilmar Ögmundsson, Gunnar Ólafur Haraldsson, Heiðrún Lind Marteinsdóttir og Gunnar Már Sigurfinnsson.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017





Unique problems
need unique solutions.

Deloitte.

Ráðstefnustaður: Harpa
Tímasetning: 24.-25. nóvember
Fjöldi þátttakenda: 800 manns

Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur og utanríkismál
- Sala og dreifing á íslenskum fiski á HORECA
- Sögur af þróun í sjávarútvegi á Íslandi
- Tæknibreytingar við fiskveiðar og fiskleit
- Vottun og áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða
- Fullnýting í verðmætar afurðir
- Orkunotkun og orkusparnaður við veiðar og siglingu
- Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni – Staða – Framtíðarsýn -Stefna
- Þróun í olíuverði – ógnir og tækifæri í okkar
- „Fiskifræði sjómannsins“ og Hafró
- Aukin verðmætasköpun í uppsjávarfiski og grænu skrefin
- Þróun og framtíðarhorfur í bolfiskvinnslutækni
- Staða og tækifæri á bolfiskmörkuðum



Málstofan Orkunotkun og orkusparnaður við veiðar og siglingu. Frá vinstri: Sævar Birgisson, Haraldur Árnason, Rákel Sævarsdóttir, Hjörtur Emilsson, Kristján Vilhelmsson og Jónas Viðarsson.



ICELANDAIR
CARGO



ICELANDIC



AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni 2019 með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 20, 1. desember 2018. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@byggdastofnun.is og bréflaga á pósthafnið Byggðastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrúkur. Vakinn er athygli á því að umsóknum þarf bæði að skila rafrænt og bréflaga.

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:

- Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna**
Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/eda þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að tólf milljónum króna.
Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.
- Smá- eða forverkefni**
Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærri verkefni á sviði rannsókna og/eda þróunar. Styrkuppðætt getur numið allt að þremur milljónum króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is

AVS rannsóknasjóður
í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi
starfar á vegum Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytis

Sjávarútvegsráðstefnan 2015

Ráðstefnustaður: Hilton Reykjavík Nordica

Tímasetning: 19.-20. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 760 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur 2015
- Lengi býr að fyrstu gerð – Frá veiðum til vinnslu
- Ný nálgun við markaðssetningu íslenskra sjávarafurða
- Hvaða tækifæri sjá erlendir aðilar í íslensku fiskeldi?
- Eru tækifæri fyrir Íslendinga í umhverfismálum?
- Togveiðar – Áskoranir til framtíðar
- Sjávarútvegur og samfélagsábyrgð
- Ferskiskflutningar og markaðir
- Af hverju eru ekki fleiri konur í stjórnunarstöðum í sjávarútvegi?
- Sameiginleg markaðssetning



Málstofan Sameiginlega markaðssetning. Frá vinstri: Inga Hlín Pálsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Jens Garðar Helgason, Árni Geir Pálsson, Brynjólfur Eyjólfsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra.



Sjávarútvegsráðstefnan 2014

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 20.-21. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 550 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnakerfi?
- Uppsjávarfiskur – Þögla byltingin
- Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi?
- Tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi
- Sjávarútvegur og menntun
- Nýsköpun í kæli- og frystitækni
- Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?
- Vinnsla á sjó eða vinnsla í landi?
- Markaðir til framtíðar



Opnunarmálstofan Íslenskur sjávarútvegur. Frá vinstri: Kristján Hjaltason, Erla Kristinsdóttir og Jóhán H. Williams.



Sjávarútvegsráðstefnan 2013

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 21.-22. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 550 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?
- Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?
- Flutningur á ferskum fiski
- Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða sam-herjar?
- Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska
- Deilistofnar = Deilustofnar?
- Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða sam-herjar?
- Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?
- Sameiginlegt markaðsstarf
- Þróun í vinnslutækni



Framtíðar viðskiptavinir Sjávarútvegsráðstefnunnar, nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum.



Sjávarútvegsráðstefnan 2012

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 8.-9. nóvember

Fjöldi þátttakenda: 400 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt mark aðs-
-starf?
- Framtíðartækifæri í fiskeldi
- Allt hráefni á land?
- Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?
- Heimsframboð helstu botnfisktegunda
- Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi
- Opportunities for the seafood industry of Iceland in
the EU, now or as member.



Nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum. Fremri röð frá vinstri; Sigmar Örn Hilmarsson, Sigurður Steinn Einarsson, Andri Fannar Gíslason og Orri Filippusson. Aftari röð frá vinstri; Björn Ingason, Böðvar Már Styrmissen, Fannar Freyr Magnússon og Kristján Sindri Gunnarsson.



Arion banki



Sjávarútvegsráðstefnan 2011

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 13.-14. október

Fjöldi þátttakenda: 320 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðstækifæri í Evrópu
- Sóknarfæri í veiðitækni
- Markaðssvæði framtíðarinnar
- Vöruþróun
- Sjávarútvegur og fjölmiðlar
- Tækifæri erlendis
- Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur
- Sjávarklasinn á Íslandi
- Samantekt, pallborðsumræður og verðlaunaafhending



Hluti þátttakenda á Sjávarútvegsráðstefnunni.



Sjávarútvegsráðstefnan 2010

Ráðstefnustaður: Grand Hótel í Reykjavík

Tímasetning: 6.-7. september

Fjöldi þátttakenda: 314 manns

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðsmál og vöruþróun
- Vörumerkið Ísland
- Tækifæri til verðmætasköpunar
- Umhverfismerkingar
- Ferðaþjónusta og sjávarútvegur
- Samantekt og umræður



Séð yfir Gullteig, ráðstefnusal Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.





VESTMANNAEYJAR
ICELAND

***VIRÐING
SJÁLFBÆRNI
VELFERÐ***



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2018

STYRKTAÐILAR SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNUNNAR

